

# Héraðssamband Þingeyinga



## Ársskýrsla 2024

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	3
Próun iðkendafjölda innan HSP .....	5
Ársreikningar .....	6
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða .....	12
Frjálsíþróttaráð .....	12
Unglingalandsmót UMFÍ .....	13
Verkefna- og styrktarsjóður HSP .....	13
Lottótölur HSP .....	14
Aðildarfélög HSP .....	14
Starfsskýrslur aðildarfélaga .....	15
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar .....	15
Golfklúbbur Húsavíkur .....	15
Golfklúbbur Mývatnssveitar .....	16
Golfklúbburinn Gljúfri .....	17
Golfklúbburinn Lundur .....	17
Hestamannafélagið Feykir .....	17
Hestamannafélagið Grani .....	17
Hestamannafélagið Snæfaxi .....	17
Hestamannafélagið Þjálfí .....	17
Íþróttafélagið Magni .....	19
Íþróttafélagið Völsungur .....	19
Íþróttafélagið Þingeyingur .....	25
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag .....	26
Skákfélagið Goðinn .....	28
Skotfélag Húsavíkur .....	28
Skotíþróttafélag Norðurlands .....	29
Ungmennafélagið Austri .....	29
Ungmennafélagið Bjarmi .....	29
Ungmennafélagið Efling .....	30
Ungmennafélagið Einingin .....	31
Ungmennafélag Langnesinga .....	32
Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSP .....	33
Íþróttamenn ársins 2024 .....	34
Íþróttamaður ársins (frá upphafi) .....	36
Lög HSP .....	37
Verkefna- og styrktarsjóður HSP .....	40
Lottóreglugerð HSP .....	40

Þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn á árinu 2024



NORÐURÞING



Þingeyjarsveit



Langanesbyggð



Tjörneshreppur

# Skýrsla stjórnar HSP 2024-2025

Starfsemi sambandsins var nokkuð róleg á síðastliðnu starfsári, svona í takt við aldur sambandsins en árið 2024 voru liðin 110 ár frá stofnun HSP. Stjórn sambandsins var óbreytt frá fyrra starfsári og var fyrsti fundur haldinn þann 30. maí. Fundartíðni stjórnar lýsir starfinu ágætlega en aðeins voru haldnir þrjár stjórnarfundir, tveir samhliða því að úthlutað var úr verkefna- og styrktarsjóði HSP og einn til þess að undirbúa ársþingið. Framkvæmdastjóri sýslaði ýmislegt á árinu og er hér yfirlit yfir störf skrifstofu og stjórnar frá síðasta ársþingi.

Síðastliðið ársþing gekk bæði hratt og vel fyrir sig. Nokkrar breytingar urðu á aðildarfélagaflóru HSP en ársþingið samþykkti að skrá þrjú félög úr HSP en það voru félögin Umf. Geisli, Umf. Leifur heppni og Skotfélag Þórshafnar og nágrennis. Öll þessi félög áttu það sammerkt að hafa ekki skilað inn tilskyldum skýrslum til HSP, haldið aðalfundi eða verið með nokkurt starf. Aðildarfélög HSP eru nú 21 talsins. Hjónin Freydís Anna Arngrímsdóttir og Hörður Þór Benónýsson voru sæmd Gullmerki HSP fyrir störf sín og framlag til leikdeildar Umf. Eflingar sem spannar yfir 30 ár og eru þau enn að. Íþróttamaður HSP 2023 var kjörin blakkonan Sigrún Marta Jónsdóttir, Völsungi.



Sambandið hélt þokkalega vel sóttan formannafund á Húsa-vík þann 17. apríl þar sem rætt var um nýjar svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar. Segja má að fulltrúar 10 félaga hafi verið á fundinum sé stjórn og framkvæmdastjóri HSP talin sem slík en 11 félög sendu enga fulltrúa. Þó var í boði að vera á fjárfundi sem tvö félög nýttu sér. Í upphafi fundar fór Auður Inga, framkvæmdastjóri UMFÍ og gestur fundarins, stuttlega yfir söguna varðandi samræmingu lottó-reglugerða UMFÍ og ÍSÍ og stofnun svæðisskrifstofanna. Góðar umræður voru meðal fundargesta og fastar spurningar varðandi svæðisskrifstofurnar en á þessum tíma ársins voru þær ekki teknar til starfa. Í svörum sínum kom Auður inn á fjármagn yfirvalda til íþróttahreyfingarinnar samanborið við aðra menningar- og listastarfsemi, að þar hefði íþróttahreyfingin alls ekki gengið í takt og lobbíað sameiginlega fyrir meira fjármagni. En þar gætu svæðisskrifstofurnar mögulega komið að málum og talað f.h. hreyfingarinnar til ríkis og sveitarfélaga. Mjög misjafnt er á landinu hvort félög sem fá rekstrarstyrki frá sveitarfélögum þurfa að gera eitt-

hvað í staðinn fyrir styrkina, fyrir utan að veita þessa þjónustu sem íþrótt- og félagsstarf barna- og ungmenna er. Fyrir önnur félög, sem ekki fá rekstrarstyrki, væri ágætt að vita hversu mikið fjármagn fer í íþróttatengd verkefni hjá sveitarfélögum, því eitt það leiðinlegasta fyrir sjálfboðaliða er að þurfa að betla pening. Af öðrum málum sem bar á góma er hinn eilífi þjálfaraskortur og sá tími stjórna sem fer í að redda þjálfurum þar sem félögin eru of lítil til þess að geta boðið upp á t.d. 100% þjálfarastöðu. Samhliða því var vinnutími þjálfara ræddur og samstarf íþróttafélaga og skóla varðandi æfingar yngri iðkenda, sérstaklega, innan skólarammans/skólaaksturs. Það myndi t.d. einfalda samnýtingu þjálfara ef þeir gætu t.d. þjálfað að morgni á einum stað og eftir hádegi á öðrum, en þá þyrfti skólinn að vera tilbúinn að hliðra til í stundatöflu. Félögin þurfa að vera duglegri að tala sig saman um þjálfara þannig að þeir geti starfað við það í því sem næst fullu starfi – eða ná góðum samningum við fyrirtæki sem eru tilbúin að veita þjálfara vinnu samhliða þjálfuninni og jafnframt að veita þjálfaranum sveigjanleika til þess að fara úr vinnu til að sinna þjálfun. Formannafundinum lauk með dýrindis þriggja rétta máltíð á Fosshótelu í boði HSP og má með því segja að það hafi verið það eina sem HSP gerði í tilefni af stórafmæli sínu.

Framkvæmdastjóri sat f.h. UMFÍ í einum af rýnihópum mennta- og barnamálaráðuneytisins um farsæld barna, varðandi heilsu og vellíðan. Um var að ræða þrjú fjárfundi sl. vor og einn lokafund í september þar sem rýnt var í gögn og niðurstöður frá farsældarþingi 2023. Markmið rýnihópsins var að kortleggja markmið og aðgerðir í mála-flokknum (heilsa og vellíðan) sem eiga heima í stefnu og framkvæmdaáætlun í farsæld. Á lokafundinum voru unnin drög að stoðum fyrir stefnu stjórnvalda í farsæld.

Sambandið endurnýjaði rekstrarsamninga við sveitarfélögin og náði að hækka framlag sveitarfélaganna um u.þ.b. vísitöluhækkun frá síðustu hækkun framlaga. Það framlag dugar þó ekki til þess að ná yfir þá gjaldaliði sem teljast til reksturs skrifstofu sambandsins. Sveitarfélögin samþykktu einnig að greiða kostnað félaga sinna vegna Abler og eru

Mæting stjórnarmanna á stjórnarfundum	Formannafundur			
	30. maí 2024	5. des. 2024	19. feb. 2024	17. apr. 2024
Jón Sverrir Sigtryggsson	X	X	X	X
Sigfús Hilmir Jónsson	X			
Jónas Halldór Friðriksson	X	X	X	X
Hulda Þórey Garðarsdóttir	X	X	X	
Sigurbjörn V. Friðgeirsson	X	X	X	X
Dagbjört Aradóttir		X		
Héðinn Björnsson				
Gunnhildur Hinriksdóttir	x	x	x	x



Þau félag sem vantar aðstoð við kerfið bent á að setja sig í samband við framkvæmdastjóra HSP.

Framkvæmdastjóri sat fund með fulltrúa Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF) og framkvæmdastjóra Völsungs vegna verkefnisins Allir með sem er á vegum ÍF. Markmið verkefnisins er að koma á æfingum fyrir fötluð börn í hefðbundum íþróttafélögum en Völsungur hafði hug á að taka þátt í verkefninu. Félagsþjónusta Norðurþings þjónustar nærliggjandi sveitarfélög og því mikilvægt að vera í samstarfi við þau. Því miður reyndist ekki vera grundvöllur/áhugi fyrir sérstakar æfingar að sinni en foreldrum og forráðamönnum er bent á að íþrótt- og ungmennafélög innan HSP bjóða börn og unglinga velkomin á æfingar sínar en mögulega þarf að kynna þetta betur fyrir foreldrum barna sem búa við sérstakar aðstæður eða fötlun.

UMFÍ og ÍSÍ eru reglulega með ýmsa samráðsfundi, sambandsfundi, formannafundi og/eða þing. Í ár var engin undantekning en því miður gat hvorki framkvæmdastjóri HSP né fulltrúi stjórnar mætt á vorkund UMFÍ eða sambandsráðsfund UMFÍ. Formaður og framkvæmdastjóri mættu hins vegar á formannafund ÍSÍ í nóvember. Fyrir fundinn kynntu fulltrúar stjórnarmálaflokkanna áherslur þeirra varðandi íþróttastarf sem var af mjög jákvæðum toga og skilar sér vonandi út í hreyfinguna. Á fundinum kom fram ábending um að skatturinn væri búinn að uppfæra leiðbeiningar sínar um skattskyldu af íþróttastarfsemi og hafa leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar verið endurskoðaðar í því sambandi. Þar er það til að mynda tekið skýrt fram að aðalstjórn félags ber ábyrgð á fjármálum fé-

## Stjórn Héraðssambands Þingeyinga

2024-2025

### Stjórn

Formaður:	Jón Sverrir Sigtryggsson
Varaformaður:	Sigfús Hilmi Jónsson
Ritari:	Hulda Þórey Garðarsdóttir
Gjaldkeri:	Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson
Meðstjórnandi:	Jónas Halldór Friðriksson
Varamenn í stjórn:	Dagbjört Aradóttir Héðinn Björnsson

### Skoðunarmenn reikninga 2024

Gunnhildur Stefánsdóttir
Hrafnhildur Geirsdóttir
Til vara: Steinunn Ósk Stefánsdóttir

**Framkvæmdastjóri:** Gunnhildur Hinriksdóttir

lagsins og deilda þess. Finna má leiðbeiningarnar ásamt fleiru á [www.isi.is/um-isi/log-reglugerdir-og-stefnur/](http://www.isi.is/um-isi/log-reglugerdir-og-stefnur/).

Á formannafundinum gerðu vinnuhópar hjá ÍSÍ og UMFÍ grein fyrir störfum sínum, m.a. um stöðu og starfsumhverfi sjálfbóðaliða innan íþróttahreyfingarinnar. Skýrsluna og upplýsingar úr henni geta aðildarfélög HSP e.t.v. nýtt sér og





má finna hana t.d. á vef UMFÍ: [www.umfi.is/utgafa/frettasafn/allar-frettir/sjalfbodalidar-hjarta-ithrottahreyfingarinnar/](http://www.umfi.is/utgafa/frettasafn/allar-frettir/sjalfbodalidar-hjarta-ithrottahreyfingarinnar/). Vinnuhópur á vegum ÍSí er að endurskoða regluverk ÍSí m.t.t. góðra stjórnarháttanna og verður tillaga lögð fram á Íþróttabingi nú í vor. Ýmis mál hafa komið upp innan íþróttahreyfingarinnar þar sem óljóst er hvernig skuli taka á og heimildir hreyfingarinnar til aðgerða. Stjórn HSP hefur ekki farið varhluta af því en innan okkar raða er t.d. aðildarfélag sem hlítir ekki úrskurði Dómstóls ÍSí varðandi umsókn um félagsaðild.


Framkvæmdastjóri hefur verið í góðu sambandi við nýjar svæðisskrifstofur sem tóku til starfa um mitt ár. Að mati framkvæmdastjóra finnur hún strax jákvæð áhrif þessara nýju starfa þar sem skrifstofurnar hafa mun meiri og betri yfirsýn yfir landsvæði okkar og hafa þegar átt samtöl og samræður við bæði aðildarfélög og sveitarfélög innan HSP. Starf þeirra er þó enn í mótun og þurfum við öll innan HSP að vera dugleg að kasta fram hugmyndum um hvernig við viljum sjá þessi störf þróast þannig að þau nýtist okkur og okkar svæði á sem bestan hátt.

Það er gott að ljúka skýrslu stjórnar á uppbyggjandi og jákvæðan hátt. Af því tilefni viljum við minna aðildarfélög HSP á að skrá sig á Almannaheillaskrá Skattsins. Félag á skránni fá bæði endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og þau geta sótt um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað, viðhaldi eða endurbóta á mannvirkjum. Einnig geta fyrirtæki og einstaklingar, sem veita félögum á almannaheillaskrá styrk án endurgjalds, fengið skattafrádrátt að upphæð allt að 1,5% af rekstrartekjum eða 350 þúsund krónur fyrir einstaklinga.

Þá viljum við einnig færa Sparisjóði Suður-Þingeyinga bestu þakkir fyrir veittan stuðning. Sparisjóðurinn hefur í gegnum tíðina verið ötull stuðningsaðili margra aðildarfélaga HSP og stutt ýmis verkefni á vegum félaganna og HSP. Sparisjóðurinn samþykkti á aðalfundi 2024 að verja hluta hagnaðar starfsársins 2023 til þess að styrkja íþróttafélög innan HSP sem halda úti barna- og unglingsstarfi og eru á starfssvæði Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Fyrir hönd styrkþeganna færum við Sparisjóðnum bestu þakkir.

## Þróun iðkenda fjölda innan HSP

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun iðkenda sl. 5 ára eftir íþróttagreinum. Ártöl segja til um skilaár í starfsskýrslukerfinu en í rauninni eiga tölurnar við um iðkenda fjölda ársins á undan. Allt starf sem áður tilheyrði aðeins UMFÍ s.s. bridds, leiklist og skógrækt kallast nú *skipulagt félagsstarf* en það er aðeins Umf. Efling sem hefur skráð leiklistariðkendu þar undir undanfarin ár. Vegna nýs starfsskýrslukerfis er e.t.v. ekki hægt að bera iðkendatölur saman milli ára að öllu leyti en þetta er þriðja árið sem félag skila inn starfsskýrslum í nýtt skilakerfi. Á myndinni má glögg sjá dýfuna í tengslum við covid-árin og jákvætt að sjá hækkandi fjölda iðkenda í kjölfarið.





Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2024

Héraðssamband Þingeyinga

580408-1330

## Áritun stjórnar HSP

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2024. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2024 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2024 ásamt skýringum. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Í mars 2025,

Stjórn HSP

Jón Sverrir Sigtryggsson [sign]

Sigfús Hilmir Jónsson [sign]

Jónas Friðrik Halldórsson [sign]

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson [sign]

Hulda Þórey Garðarsdóttir [sign]

Framkvæmdastjóri

Gunnhildur Hinriksdóttir [sign]



## Áritun skoðunarmanna

Undirritaðar, skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2024. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Mývatnssveit 27.02.25  
Staður og dagsætning

Gunnhildur Stefánsdóttir

Hrafnhildur Geirsdóttir.



# Rekstrarreikningur 2024

		2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög og styrkir	1	17.603.733	20.869.725
Aðrar tekjur	2	135.000	1.551.000
		<b>17.738.733</b>	<b>22.420.725</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	3	4.527.794	5.056.460
Styrkir til félaga (lottó)	4	9.182.751	11.840.611
Áhöld, tæki, búningar	5	35.459	1.975
Pátttaka í mótum	6	168.808	230.344
Kostnaður v/mótahalds	7	75.000	50.000
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	8	135.644	128.139
Rekstur skrifstofu	9	1.123.655	1.720.393
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	2.890.313	1.378.940
Önnur gjöld	11	33.020	29.252
		<b>18.172.444</b>	<b>20.436.114</b>
<b>Hag/Tap án fjármagnsliða</b>		<b>- 433.711</b>	<b>1.984.611</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur		1.422.300	1.140.908
Vaxtagjöld			- 2
		<b>1.422.300</b>	<b>1.140.906</b>
<b>Hag/Tap ársins</b>		<b>988.589</b>	<b>3.125.517</b>

# Efnahagsreikningur 2024

Eignir		2024	2023
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhöld og tæki	12	1.484.279	1.484.279
		<b>1.484.279</b>	<b>1.484.279</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur		1.912.098	1.922.777
Vörubirgðir		1.097.791	1.170.479
Handbært fé		23.725.628	24.031.871
		<b>26.735.517</b>	<b>27.125.127</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>28.219.796</b>	<b>28.609.406</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Óráðst. eigið fé 01.01.		22.222.390	19.096.873
Hag /Tap ársins		988.589	3.125.517
		<b>23.210.979</b>	<b>22.222.390</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir		722.337	175.528
Ógreitt LOTTÓ til félaga		4.245.891	6.158.415
Ógreitt v/starfsfóks		40.589	53.073
		<b>5.008.817</b>	<b>6.387.016</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>28.219.796</b>	<b>28.609.406</b>

## Skýringar

### Rekstrartekjur

1 Framlög og styrkir	2024	2023
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	12.308.335	15.787.479
Getraunir 1x2	381.602	406.552
Rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum	3.253.120	3.571.200
Ferðastyrkir	92.189	75.704
Útbreiðslustyrkur	392.008	898.790
Styrkir v. ULM	-	-
Styrkir ýmis fyrirtæki	1.176.479	130.000
Styrkur v. kostnaðar við Abler	17.603.733	20.869.725

### 2 Aðrar tekjur

Skattar félaga	1.403.000
Leiga HSP tjaldi	135.000
Niðurfellid ógr. Tjaldaleiga frá 2019	- 40.000
Sala HSP vörur (bækur o.p.h.)	- 8.000
	135.000
	1.551.000

### Rekstrargjöld

3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	3.650.084	4.036.553
Tryggingagjald	266.752	297.936
Lífeyrissjóður	492.763	544.928
Orlofs- og sjúkrasjóður	60.225	66.603
Aðrir bifreiðastyrkir	57.970	110.440
	4.527.794	5.056.460

### 4 Styrkir til félaga

Lottó	9.182.751	11.840.611
	9.182.751	11.840.611

### 5 Áhöld, tæki og búningar

HSP - kerra	35.459	1.975
	35.459	1.975

6 Þátttaka í mótum		
Þátttökukostn. ULM	96.120	128.160
Ýmis kostnaður v. ULM	72.688	102.184
	168.808	230.344
7 Kostnaður v/mótahalds		
Ásbyrgismót	75.000	50.000
	75.000	50.000
8 Húsaleiga / rekstur mannvirkja		
Húsaleiga skrifstofa Laugar	135.644	128.139
	135.644	128.139
9 Rekstur skrifstofu		
Sími	26.400	26.860
Ritföng	19.849	20.398
Prentun	24.676	105.086
Funda- og þingkostnaður	626.677	688.815
Ferðakostnaður stjórnar	29.899	
Ferðak. Fundir/þing UMFÍ og ÍSÍ	121.189	431.549
Kaffikostnaður og risna	3.900	9.790
Tölvukostnaður	35.161	66.612
Annar skrifstofukostnaður / auglýsingar		43.524
Bókhald og endurskoðun	198.704	287.859
Auglýsingakostnaður	37.200	39.900
	1.123.655	1.720.393
11 Önnur gjöld		
Þjónustugjöld VISA/EURO	1.890	1.890
Þjónustugjöld banka	2.766	3.671
Fjármagnstekjuskattur - greiddur	28.364	23.691
	33.020	29.252
12 Áhöld og tæki		
Tjald - Aðaldeild	53.261	53.261
Skrifstofubúnaður - aðaldeild	526.934	526.934
Skrifstofuhúsgögn - Aðaldeild	23.016	23.016
Tímatökutæki - Aðaldeild	611.068	611.068
Yfirbyggð kerra - Aðaldeild	270.000	270.000
	1.484.279	1.484.279



# Frjálsíþróttafélag HSB kt. 640409-0610

Rekstrarreikningur 2024		Efnahagsreikningur 2024		Skýringar		2024	2023
	Skýr.	2024	2023			kr.	kr.
<b>Tekjur</b>				1	Ferðasj. ÍsÍ	43.334	-
Framlög og styrkir	1	193.334	500.000		Styrkir HSB	150.000	300.000
Tekjur af mótum	2	463.050	378.100		Styrkir UMÍFÍ	-	200.000
Aðrar tekjur	3	837.250	315.886		Styrkir aðrir	463.050	378.100
V/þátt. á Gautaborgarleikum	4	2.335.900	1.506.800		Þáttgíöld	236.628	-
					Æfingagjöld	538.500	-
					Tekjur v/gisting og matur MÍ	-	79.258
					Kostnaður iðkenda v/móta o.þ.h.	-	-
					Sjoppa á mótum	298.750	-
<b>Gjöld</b>				4	Hlutur þátt. v/ Gautaborgarleikar	150.000	800.000
Verktakagreiðslur þjálfara	5	0	255.700		Fjáröflun v/Gautaborgarleikar	2.185.900	706.800
Styrkir til deilda	6	606.160	-		Verktakagreiðslur þjálfara	-	255.700
Áhöld og tæki	7	0	190.626		Greiðslur v. Móta og æfingabúða	-	-
Þátttaka í mótum	8	390.000	236.402		Styrkir til félaga (sjálfboðaliðar)	606.160	-
Kostn. v/Gautaborgar	8	1.882.305	800.000		7 Íþróttahöld	-	190.626
Kostnaður v/ mótahalds	9	538.784	181.774		8 Þátttökugjöld á mót	390.000	115.250
Rekstur v/ yfirstjórnar	10	0	9.015		Gr. Gisting og ferðak. Á mót	-	121.152
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	11	21.409	-		<b>Ferða- og þáttkostn. Vegna Gautaborgar</b>	<b>1.882.305</b>	<b>800.000</b>
V/fjáröflun f. Gautaborgarleika	12	631.768	336.700		9 Verðlaunapeningar	-	155.539
Önnur gjöld	12	235.125	1.055		Annar mótah.kostn. (gisting, matur, smádót)	538.784	26.235
					10 Þóstkostnaður	-	9.015
<b>Samtals</b>		<b>4.305.551</b>	<b>2.011.272</b>		11 Æfingabúðir -matur/gisting/húsal	21.409	-
					12 Kostnaður v. fjáröflun f Gautaborgarleika	631.768	336.700
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>		<b>-476.017</b>	<b>689.514</b>		Yrnis kostn. v/kaupa á varningi/sjoppa	195.704	1.055
(v. hefðbundinnar starfsemi)		-297.844	319.414		Þjónustugjöld banka, posaleiga, visa/euro	9.496	-
(v. söfnunar f. Gautaborgar)		-178.173	370.100		Iðkendagjald FRI	29.925	-
<b>Fjármagnsliðir</b>							
Vaxtatekjur		75.479	43.035				
Vaxtagjöld		16.606	9.651				
<b>Samtals</b>		<b>58.873</b>	<b>33.384</b>				
<b>Hagnaður (tap) ársins:</b>		<b>-417.144</b>	<b>722.898</b>				

Gjaldkeri

*Þrunubildur H.*

Skolað dags.

*6.3.25*  
*Hjördis*

## Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Engar nefndir voru starfandi á árinu 2024 en frjálsíþróttakrakkar kepptu saman undir merkjum HSP og HSP studdi þátt-takendur til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ með niðurgreiðslu þátttökugjalda.

### Frjálsíþróttaráð HSP

Félögin innan HSP með frjálsar á sinni könnu héldu úti smá-vegis samstarfi á árinu. Haldinn var n.k. aðalfundur þar sem fulltrúar frá Eflingu, UMFL, Mývetning og Þingeying hittust á netfundi og ræddu ýmis frjálsíþróttamál (fundurinn var boðaður í messenger-hóp þar sem einnig eru aðilar frá Einingunni, Austru og Völsungi). M.a. var farið yfir ársreikning 2023 og rætt í hvað styrkur HSP skyldi nýttast, var rætt um að nýta hann til þess að halda æfingabúðir eða sameiginlegar æfingar. Rætt um að reyna að hafa hitting eða sam-æfingu einu sinni á sumri í miðri viku en á veturna yrði stefnt að t.d. æfingabúðum með gistingu yfir eina nótt. Einnig var rætt um gjöld á mótum og mönnun móta og skiptingu fjármuna sem skapast af mótahaldi. Aðilar voru sammála um að það væri jákvætt ef foreldrar sleppa við keppnisgjöld en spurning hvort það á að vera opin tekki. Ekki er vilji til að rukka keppnisgjöld fyrir HSP-krakka á sumarleikum, þ.e. ekki foreldra/forráðamenn sem taka þátt og vinna á mótum. Þá fannst aðilum að greiða ætti hagnað af mótum inn í félögin fyrir sjálfboðaliða. Við keppum undir merkjum HSP á FRÍ-mótum og hvert aðildarfélag myndi greiða þátttöku sinna krakka á öllum mótum.



Við vorum með sam-æfingu í júní á Laugum, því miður var veðrið frekar vetrarlegt þarna í upphafi júní og frestaðist æfingin um tvo daga. Því miður skaraðist þetta á við annað þannig að þátt-taka var minni en fyrir ári þegar sambærileg æfing var haldin í Lundi. Frjálsí-

þróttasambandið óskaði eftir því síðla árs 2023 að MÍ 11-14 ára yrði haldið af HSP á Laugum sumarið 2024. Ekki var þátt-taka austan Jökulsár á Fjöllum á mótinu en það skaraðist á við Ásbyrgismót. Það voru sjálfboðaliðar frá Eflingu og Mývetningi sem báru hitann og þungann af mótinu og gekk það mjög vel og eru sjálfboðaliðum hér með færðar þakkir fyrir sitt framlag. Það fylgja því ákveðnar kvaðir að halda meistaramót yngri aldursflokka í frjálsum s.s. að nauðsynlegt er að bjóða bæði upp á gistingu (í skólastofum) og morgunverð og kvöldverð. Það voru því góð ráð dýr því ekkert eldhús er lengur „á lausu“ á Laugum og því eina færa leiðin að semja við Hótel Lauga um að sjá um að útbúa matinn fyrir þá sem gistu. Framhaldsskólinn á Laugum lánaði svo bæði kennslustofur og rými fyrir gistingu. Það var fín þátttaka frá krökkum í Eflingu og Mývetningi á mótinu, margir að stíga sín fyrstu skref og öll stóðu þau sig vel. Þátt-taka var minni af landinu öllu heldur en áður, má það að hluta skrifast á það að fjölmörg félög höfðu farið á Gauta-borgarleikana í frjálsum helgina áður og fannst það nóg ferðalag.

Mótþátttaka á árinu var mun meiri heldur en undanfarin ár og ræðst það einna helst af kröftugu starfi Mývetninga sem bættust við keppendur Eflingar sem hafa haldið merkjum HSP á lofti undanfarin ár með bestri þátttöku. Alls tóku keppendur HSP þátt í 12 mótum á árinu sem verður að teljast frábært. Krakkarnir hafa líka verið að standa sig mjög vel og margar bætingar litið dagsins ljós. Við létum það duga að halda MÍ11-14 ára og því voru engir Sumarleikar HSP haldnir þetta árið. Það er talvert álag að halda stór frjálsíþróttamót og komum við vonandi sterk inn aftur 2025.



### Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmótið 2024 var haldið í Borgarnesi. Það telst „langt að heiman“ fyrir okkar svæði og voru þátttakendur 24 undir merkjum HSP. Sumarið var mjög blautt og hafði það áhrif á tjaldsvæði mótsins en mótshaldari hætti við að merkja svæði og var fólki falið að finna minnst blauta blettinn til þess að tjalda. HSP-arar voru nokkuð heppnir að mæta snemma á staðinn og gátum við tekið frá þökkalega litið blautt svæði fyrir okkar lið. Mótið var hið skemmtilegasta eins og venjulega og skörтуðu Þingeyingar peysunum góðu sem Sparisjóður Suður-Þingeyinga styrkti okkur um. Það setur bæði fallegan og skemmtilegan svip á hópinn að sjá þau svona „í sama liði“. Næsta unglingalandsmót verður haldið á Egilsstöðum og vonumst við eftir góðri þátttöku af okkar svæði á það mót en mótið er stútfullt af alls kyns keppni, æfingum, skemmtun og félagsskap í áfengis- og vímuefnalausum umhverfi.





## Úthlutanir verkefna- og styrktarsjóðs 2024

<b>Verkefni - júní 2024</b>	<b>Félag</b>	<b>Upphæð</b>
Akstur á æfingar blak Húsavík	Efling	100.000
Akstur á æfingar á Þórshöfn	UMFL	91.000
U17 Landsliðsverkefni í blaki	Völsungur	55.000
KSÍ C2 þjálfaragráða	Efling	25.000
Afmælimót Goðans	Goðinn	250.000

<b>Verkefni - desember 2024</b>	<b>Félag</b>	<b>Upphæð</b>
KSÍ þjálfaranámskeið	Völsungur	60.624
U17 og U19 Landsliðsverkefni í blaki	Völsungur	126.000
U19 Landsliðsverkefni í blaki	Völsungur	63.000
U17 Landsliðsverkefni í blaki	Efling	90.000
Akstur á æfingar blak Húsavík	Efling	45.000
Akstur á æfingar á Þórshöfn	UMFL	50.000
Landsliðsverkefni í blaki U17, U19 og A-landslið	Völsungur	337.500
Bætt aðgengi	Skotf. Húsavíkur	193.488
Öryggi og nákvæmni við dómgæslu ríffilgreina	Skotf. Húsavíkur	77.222

### Verkefna- og styrktarsjóður HSP 2024

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 gerði ráð fyrir ríflega 1500 þúsund krónum í úthlutun úr verkefna- og styrktarsjóði HSP eða ríflega 782 þúsund krónum fyrir hvora úthlutun. Tekjur sjóðsins á árinu námu kr. 1.753.089 (þar af 612.183 frá lottói) og var kr. 1.563.334 úthlutað. Innistæða sjóðsins í árslok eru kr. 1.885.822.

Sex umsóknir bárust að vori en tvær þeirra voru vegna sama verkefnis. Með tilliti til þess var heildarupphæð umsóknanna að vori kr. 521.000. Öll verkefni voru styrkt um þá upphæð sem sótt var um, þó var upphæð vegna landsliðsverkefnis frá haustinu 2023 hækkuð upp í sambærilega upphæð og sömu verkefni fengu haustinu áður. Umsókn Goðans var samþykkt með vilyrði um að af mótinu myndi verða, það varð ljóst á haustdögum og var styrkurinn þá lagður inn á reikning Goðans.

Níu umsóknir bárust að hausti og var heildarupphæð umsóknanna ríflega 2,25 milljónir en aðeins var rúm milljón til úthlutunar í sjóðnum. Stjórnin samþykkti að styrkja umsóknir um 45% af þeirri upphæð sem sótt var um, akstursumsókn var uppreiknuð m.v. sambærilegar forsendur og fyrri akstursumsóknir. Alls var kr. 1.042.834 úthlutað í seinni úthlutun og þá samtals 1.563.334 kr. á árinu. Fimm prósent var varið í styrki vegna þjálfaramenntunar, rúmum 18% vegna aksturs, rúmum 33% vegna sérstakra verkefna og tæpum 43% vegna landsliðsverkefna.





## Lottógreiðslur til aðildarféлага vegna ársins 2024

Fjögur félag sendu ekki fulltrúa á ársþingið 2022 og fengu því ekki úthlutun á árinu. Nýjar úthlutunarreglur ÍSÍ og UMFÍ tóku gildi í júlí og var greitt samkvæmt þeim síðustu sex mánuði ársins. Að meðaltali var mánaðarúthlutun síðustu 6 mánaða ársins aðeins 73% af meðalúthlutunarupphæð fyrri hluta ársins. Lottógreiðslur frá UMFÍ seinni hluta ársins lækkuðu um 56% frá fyrri hluta ársins á meðan greiðslur frá ÍSÍ hækkuðu um 22%. Þetta stafar af því að nú fá öll íþróttahéruð útteilt lottói eftir sömu reglum, þ.e. út frá fjölda íbúa sem eru 18 ára og yngri og allar skerðingar hafa fallið brott.

Félag	Mæting	# Íðkanir	# Félagar	Pingfulltrúar	Íðk. 6-17 ára	Fél. 18+	Samtals	Skattur
	á þing	6-17 ára	18+	15%	70%	15%	Lottó	Til HSP
	2024	2024	2024	1.377.412	6.427.924	1.377.412	9.182.748	
Akstursíþróttaf. Mývatnssv.	0/1	0	42	0	0	0	0	0
Golfklúbbur Húsavíkur	3/3	36	115	91.827	202.277	58.386	352.491	0
Golfklúbbur Mývatnssveitar	0/1	0	20	0	0	0	0	0
Golfklúbburinn Gljúfri	0/1	0	12	0	0	0	0	0
Golfklúbburinn Lundur	0/1	0	52	0	0	0	0	0
Hestamannafélagið Feykir	1/1	10	47	30.609	56.188	23.862	110.660	0
Hestamannafélagið Grani	2/2	52	80	61.218	292.178	40.617	394.013	0
Hestamannafélagið Snæfaxi	2/2	21	67	61.218	117.995	34.016	213.230	0
Hestamannafélagið Þjálfí	3/3	22	92	91.827	123.614	46.709	262.151	0
Íþróttafélagið Magni	3/4	49	205	91.827	275.322	104.080	471.230	0
Íþróttafélagið Völsungur	9/9	549	1071	275.482	3.084.729	543.755	3.903.967	0
Íþróttafélagið Þingeyingur	2/2	70	54	61.218	393.317	27.416	481.952	0
Mývetningur íþróttar og ungm.	4/4	78	151	122.437	438.268	76.664	637.368	0
Skákfélagið Goðinn	1/1	4	84	30.609	22.475	42.647	95.732	0
Skotfélag Húsavíkur	2/2	0	118	61.218	0	59.910	121.128	0
Skotíþróttafélag Norðurlands	1/1	0	22	30.609	0	11.170	41.779	0
Umf. Austri	1/1	17	39	30.609	95.520	19.801	145.930	0
Umf. Bjarmi	3/3	38	88	91.827	213.515	44.678	350.021	0
Umf. Efling	3/3	91	139	91.827	511.312	70.571	673.711	0
Umf. Einingin	1/1	5	57	30.609	28.094	28.939	87.643	0
Umf. Langnesinga	4/4	102	284	122.437	573.119	144.189	839.745	0

## Aðildarfélag og formenn 2024

Aðildarfélag	Formaður um áramót 2024/25	1X2 getraunanúmer
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	Júlíus Björnsson	
Golfklúbbur Húsavíkur	Birna Ásgeirsdóttir	641
Golfklúbbur Mývatnssveitar	Kristján Stefánsson	662
Golfklúbburinn Gljúfri	Haukur Marinósson	
Golfklúbburinn Lundur	Pétur Gunnar Ringsted	
Hestamannafélagið Feykir	Baldur Stefánsson	
Hestamannafélagið Grani	Bjarki Helgason	
Hestamannafélagið Snæfaxi	Jóhannes Sigfússon	
Hestamannafélagið Þjálfí	Oddný Lára Guðnadóttir	
Íþróttafélagið Magni	Hjörtur Geir Heimisson	610
Íþróttafélagið Völsungur	Bergur Jónmundsson	640
Íþróttafélagið Þingeyingur	Brynjar Þór Vigfússon	
Mývetningur íþróttar- og ungmennafélag	Anton Freyr Birgisson	661
Skákfélagið Goðinn	Hermann Aðalsteinsson	
Skotfélag Húsavíkur	Hallur Þór Hallgrímsson	
Skotíþróttafélag Norðurlands	Kristján R. Arnarson	
Ungmennafélagið Austri	Birna Björnsdóttir	675
Ungmennafélagið Bjarmi	Úlla Árdal	636
Ungmennafélagið Efling	Aðalbjörn Jóhannsson	650
Ungmennafélagið Einingin	Sigurlína Tryggvadóttir	642
Ungmennafélag Langnesinga	Hulda Kristín Baldursdóttir	680

# Starfsskýrslur aðildarfélaga HSB fyrir árið 2024

## Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2024 gekk bara nokkuð vel hjá klúbbnum. Nokkrir nýir meðlimir gengu í klúbbinn okkar á síðasta ári, ungir sem eldri. Við höldum eitt mót eins og undanfarin ár, en það var 3ja mótið í Íslandsmeistarakeppni í snocrossi. Mótið gekk að venju vel yfir höfuð, breyta þurfti brautinni aðeins eftir æfingar þar sem hún þótti full erfið. Heilt yfir gekk dagurinn vel, og keppendur voru milli 40 og 50, einnig fengu krakkar á aldrinum 8 til 14 ára að spreyta sig í brautinni og gott er að sjá hvað áhuginn á sportinu virðist vera mikill og er ekkert að minnka sem stendur.

Þetta var eina mótið okkar eins og undanfarin ár. Við höfum alltaf sett okkur það markmið að fara í mótorgross brautina okkar og laga hana og fá tæki og tól, en menn eru oft það uppteknir á sumrin og mikið að gera að það gefst ekki mikill tími í það því miður, en engu að síður verður stefnt af því eins og ár hvert.

Stjórnin samanstendur af Júlíusi Björnssyni, sem er formaður, Yngva Ragnari sem er gjaldkeri og Skarphéðni Reyni Jónssyni sem er ritari.

Stjórn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar

## Golfklúbbur Húsavíkur

Stjórn Golfklúbbs Húsavíkur árið 2024 skipuðu:

Birna Ásgeirsdóttir formaður

Guðmundur Halldórsson varaformaður

Sigurgeir Höskuldsson gjaldkeri

Hulda Þórey Garðarsdóttir ritari

Sóley Sigurðardóttir meðstjórnandi

Karl Hannes Sigurðsson varamaður

Árið 2024 var ágætt að mörgu leyti þó að völlurinn hafi alls ekki komið vel undan vetri og náði sér ekki að fullu undir lok tímabilsins. Við náðum þó að opna 20. maí og lokuðum 25. október. Aðsókn á völlinn dróst aðeins saman milli ára en 2023 voru spilaðir 5467 hringir en 5147 árið 2024, mögulega má kenna veðurfari um en við fengum óvenjukalt og blautt sumar. Engar stórframkvæmdir voru á líðandi ári en við náðum að klára æfingarymið og settir voru upp tveir Trackman hermar af bestu gerð. Með þessu gerir það okkur félögum í GH og fleirum kleift að stunda íþróttina allt árið. Það er von okkar að þessi aðstaða verði mikið notuð í framtíðinni. Eins og í flestum litlum klúbbum er unnið óeigingjarnt starf og er það engin undantekning innan GH. Klúbburinn hefur verið með fasta starfsmenn yfir sumartímann til að sinna viðhaldi og umhirðu á vellinum. Sigurður Hreinsson hefur gegnt starfi vallarstjóra undanfarin ár með miklum sóma en tveir aðrir starfsmenn voru með honum í sumar ásamt krökkum úr bæjarvinnunni.

Rekstur golfskálans var í höndum GH þetta sumarið. Ríkey Sigurgeirsdóttir sá að mestu leyti um utanumhald, svo voru þær Aníta Rákel, Karen Dís og Katrín Erla með henni og stóðu þær vaktina í allt sumar með miklum sóma. GH vill þakka þeim fyrir vel unnin störf. Það stóð svo ekki á liðsauka þegar á þurfti að halda þegar stóru tveggja daga mótin

okkar voru haldin, Sjávargrillið Open, Blush Open og svo Íslandsmótið okkar. Ég vil koma kæru og miklu þakklæti til þeirra sem stóðu vaktina með okkur, þetta er ómetanlegt og sýnir svo vel hversu öflug við getum verið þegar hjörtun slá í takt. Við eigum von á breytingum með reksturinn en þeir Hrólfur Jón Flosason og Haukur Ákason munu taka við rekstri golfskálans 1. febrúar 2025. Það er einlæg ósk okkar í stjórn GH að þeim félögum gangi vel og að við nýtum okkur þjónustu þeirra.

Sumarstarfið var með hefðbundnu sniði og haldin voru 17. mót á vellinum bæði innanfélags og opin mót. Barnastarf var rekið með miklum myndarskap og voru um 20 krakkar sem tóku þátt í golfæfingum tvisvar sinnum í viku. Þjálfari þetta sumarið var Valur Snær Guðmundsson og viljum við þakka honum fyrir vel unnin störf. Með tilkomu nýs golfskála vonum við að hægt verði að bjóða uppá æfingar og halda úti barna- og unglingsstarfi allt árið. Þetta sagði ég fyrir ári síðan. Nú á haustmánuðum fengum við svo boð frá Birni Hákonni um að sjá um barna- og unglingsstarfið sem var því lík himnasending fyrir okkur. Hann leiðir þetta starf í dag ásamt Ástu Hermanns og þjálfaranum Val Snæ. Starfið fer vel af stað og eru um 20 krakkar á æfingum. Við viljum koma kæru þakklæti til þeirra.



Mótanefnd skipuðu Karl Hannes Sigurðsson formaður, Birna Dögg Magnúsdóttir, Mikael Þorsteinsson, Kristbjörn Þór Jónsson, Haukur Snorrason og Benedikt Þór Jóhannsson. Haldin voru 17 mót á Katlavelli sumarið 2024: 8 Miðvikudagsmót, Meistaramót GH – Húsavíkurmótið, Sveitakeppni GSÍ 2 deild kvk 50+, Bændaglíman, og 6 opin mót, þar af tvö tveggja daga mót: Sjávargrillið Open (66 þátttakendur), Opna Skóbúðarmótið (70 þátt.), Blush Open (76 þátt.), Norðlenska-Kjarnafæði mærudagsmótið (73 þátt.), opna GPG (33 þátt.) og Styrktarmót barna og unglinga (13 þátt.). Mótanefnd var alveg skipt út frá fyrri árum svo sumarið einkenndist aðeins af örðugleikum með golfbox kerfið en allt hafðist þó að lokum. Formaður nefndarinnar fór svo í barneignarfrí snemma í ágúst mánuði og var lítið við starfið eftir það en þá tóku aðrir nefndarmeðlimir við því hlutverki. Óhætt er að segja að veðrið hafi sett strik í reikninginn því móthald var nokkrum sinnum fellt niður eða frestað vegna þess. Fyrsta miðvikudagsmótinu var aflýst vegna snjóá, fyrsta keppnisdegi á Sjávargrillið Open var aflýst vegna úrhellisrigningar sem gerði völlinn óspilhæfan en spilaðar voru 27 holur á seinni keppnisdegi í staðinn. Síðasta keppnisdegi Húsavíkurmótsins var aflýst vegna veðurs í samráði við keppendur og einnig voru einungis 27 holur spilaðar í úrhellisrigningu og slagviðri í Íslandsmóti kvk 50+. Til stóð að halda barna- og unglingsmót í Norðurlandsmótaröðinni í byrjun september en ekkert varð úr því vegna

slæmrar veðurspár og dræmrar skráningar. Fækkun var á þátttakendum milli ára í nánast öllum mótum sumarsins, sérstaklega þegar líða tók á sumarið. Það sést best á Opna GPG mótinu í ágúst, styrktarmóti barna- og unglinga í byrjun september, þar sem einungis 13 manns tóku þátt, og á miðvikudagsmótaröðinni þar sem iðkendafjöldi fór úr 15-20 manns í byrjun sumars í 4-5 síðsumars. Formaður nefndarinnar veit ekki hvort megi skrifa þessa fækkun á störf nefndarinnar, veðrið, vallarástand eða annað en finnst engu að síður morgunljóst að það borgi sig ekki að halda fólki í sjálfböðastarfi við mótahald þegar þátttakan er ekki meiri en þetta. Að halda golfmót krefst nefnilega töluverðrar yfirsetu og vinnu sem fæstir kylfingar spá í nema þegar eitthvað klikkar. Formaður er þó með nokkrar tillögur til nýrrar nefndar:

Miðvikudagsmótaröðin yrði sett upp fyrir þá kylfinga sem hafa áhuga á að lækka forgjöfina sína. Pinnastaðsetningar verði hafðar vinalegar á öllum flötum, teigmerki fremst á teigum og sláttur jafnvel breikkaður ef hægt er. Byrjendum og jafnvel barna- og unglinga-starfinu yrði bent á þessi mót sérstaklega og hvött til að taka þátt og venjast því að halda utan um skor.

Húsavíkurmótinu/meistaramótinu verði breytt. Keppnisdögum fækkað og færð meira í punktaflokk. Einnig mætti kanna hvort betra væri að halda þetta mót síðar á árinu þó einhverjar mótareglur GSÍ geri ráð fyrir meistaramótum klubbanna á þeim tíma sem við höfum haldið okkar. Þessi tími í júlí er verðmætur í mótahaldi og spurning hvort betra væri fyrir okkur að halda opið eins dags mót í stað fjögurra daga innanfélagsmóts með 20 keppendum.

Endurskoða þarf Mærudagamótið m.t.t breyttrar dagsetningar Mærudaga verði þeir færðir á helgina eftir verslunarmannahelgi. Ekki er víst að þessi dagsetning sé jafn vinsæl til mótahalds í golfi en veðrið virðist reyndar ráða mestu þar um. Lærdómur sumarsins er að ef 9 holu fyrirkomulaginu með möguleika á öðrum hring verður haldið áfram þarf að útbúa kassa eða slíkt til að skila inn auka skorkortum. Þau fóru á flakk í sumar og úr varð að þrjú kort, sem skilað var í sjoppuna, skiluðu sér ekki fyrr en búið var að gera upp mótið og þá er engu hægt að breyta. Því betur hafði það ekki áhrif á úrslit mótsins.

GH var með tvær karla sveitir og eina kvennasveit í Íslands-móti golfklúbba 2024. Lið GH í 3.deild karla sem haldið var í Sandgerði lauk keppni í 4. sæti. Lið GH í 2. deild karla sem skipað var kylfingum 50 ára og eldri var haldið í Vestmannaeyjum lauk keppni í 7 sæti. Lið GH í 2. deild kvenna sem skipað var kylfingum 50 ára og eldri var haldið hér á Húsavík og lauk keppni í 4 sæti.



Vallarnefnd 2024 skipuðu: Metúsalem, Gunnlaugur Stefáns, Guðni Rúnar, Einar Halldór, Ingvar Dagbjarts og Jóhanna Guðjóns. Vallarnefnd fundaði þrisvar sinnum frá áramótum fram í maí. Vallarnefnd fundaði á hverjum föstudagsmorgni kl. 9:30 í allt sumar fram á haust með vallarstjóra í golfskála GH.

Auglýst voru 8 vinnukvöld og síðan fóru aðilar vallarnefndar nokkrum sinnum í sérstök verkefni eins og að dúka grín og fl. Mikið var tekið af runnum og gróðri, gervigras lagt á stíga og snyrt í kringum skála o.fl. Katlavöllur var drónafloginn af Unnsteini Ingasyni í ágúst. Dróninn sem notaður var er með þeirri tækni sem er notaður til kortlagninar landsvæða og landmælinga þar sem koma fram hæðarpunktar og fleira. Þannig er hægt að skoða mannvirki og landsvæði úr lofti, taka hágvæða loftmyndir, útbúa kort og þrívíddarlíkön á nákvæman og hagkvæman máta. Hægt er að keyra gögnin inn í þrívíddarhugbúnað sem útbýr nákvæmar og raunhæfar útlitsmyndir af því sem er mikilvægt að skoða áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar við uppbyggingu golfvallarsvæðisins.

Stjórnin fundaði 20 sinnum á árinu. Gentle Giants og Framsýn styrktu klubbinn myndarlega við kaup á hermum og færum við þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag. Okkar stærsti styrktaraðili líðandi árs er sveitarfélagið Norðurþing eins og undanfarin ár. Einnig eru eftirfarandi: Blush Reykjavík, Sjávargrillið, Skóbúð Húsavíkur, Icewear, Landsbankinn, Íslandsbanki, Arion Banki, GPG, Norðlenska, Sjóvá, Sögin, SAH, Geo Sea,, Grímur ehf., Gentle Giants, Fagmál, Framsýn, Fatahreinsun Húsavíkur og Olís. GH vill þakka þessum aðilum kærlega fyrir stuðninginn ásamt þeim fjölmörgu styrktaraðilum barna- og unglíngamótsins sem haldið er á hverju ári.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka öllu starfsfólki fyrir góð störf í þágu Golfklúbbs Húsavíkur. Þakka styrktaraðilum og Norðurþingi fyrir gott samstarf. Þakka öllum sjálfböðaliðum fyrir þeirra framlag og jákvæðni í okkar garð og fyrir að sýna klúbbum sínum áhuga, klúbbum og starfinu til heilla. Þessi uppbygging sem þegar er komin breytir starfi golfklúbbsins til muna og vonumst við til að í framtíðinni blómstri sú starfsemi og golfiðkun verði í húsinu allt árið og að framtíðin sé björt fyrir golfiðkun á Húsavík.

Birna Ásgeirsdóttir, formaður

## Golfklúbbur Mývatnssveitar

### Stjórn GKM árið 2024:

Formaður Kristján Stefánsson  
Gjaldkeri Guðjón Vésteinsson  
Ritari Daníel Ellertsson  
Varamenn Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson

### Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar Ellert Hauksson  
Form. mótanefndar Stefán Örn Kristjánsson  
Form. forgj.nefndar Kristján Stefánsson  
Skoðunarmenn reikn. Brynjólfur Steingrímsson, Egill Steingrímsson



Heldur lífnaði yfir klúbbnum þetta árið, fjölgaði í klúbbnum og voru það félagar sem búsettir eru í sveitinni þannig að þeir nýttu völlinn til æfinga og leiks. Haldin var firmakeppni sem gekk vel, 28 fyrirtæki tóku þátt og var Vogafjós sigurvegari mótsins. Viljum við þakka öllum þeim fyrirtækjum sem tóku þátt kærlega fyrir stuðninginn.



Sumarstarfsmaður sá um slátt á brautum og grinum en sveitarfélagið sá um slátt á röffi eins og undanfarin ár. Gestakomur á völlinn voru svipaðar og síðustu ár og völlurinn í ágætu ástandi. Vonandi kemur meira starf í okkar ágæta klúbb með nýjum félögum á nýju ári. Þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn og öðrum félögum fyrir samstarfið á árinu.

Kristján Stefánsson, formaður

skráðir voru til leiks 57 karlar og konur, sem er met þátttaka í golfmóti hjá okkur. Þann 1. September var okkar góða og skemmtilega 18 holu kvenna golfmót, Lopapeysumót kvenna, til leiks mættu 18 konur, sigurvegari mótsins varð Unnur Elva Hallsdóttir. Þann 21. september var félagsmót klúbbsins spilað, 18 holu punktkeppni, í því móti spiluðu 33 félagar.

Klúbburinn hélt síðan 2 önnur mót sem voru ekki beint á vegum klúbbsins, það voru Stúknamót Oddfellow og Kvennagolf GA.

Stjórn klúbbsins telur eftirfarandi:

Formaður: Pétur Ringsted

Gjaldkeri: Bjarni Rúnar Sigurðsson

Ritari: Halla Sif Svavarsdóttir

Meðstjórnandi: Valdemar Örn Valsson

Meðstjórnandi: Kjartan Snorrason

Pétur Ringsted, formaður

## Golfklúbburinn Gljúfri

Starf Gljúfra var það sama og árið þar á undan. Völlurinn var sleginn eins og hægt var vegna tíma og mannskapar. Engar framkvæmdir voru á vellinum og engin mót. Í stjórn sátu áfram frá fyrra ári Haukur Marinósson formaður, Jón Grímsson gjaldkeri og Jón Tryggvi Helgason ritari.



Haukur Marinósson, formaður

## Hestamannafélagið Feykir

Aðalfundur félagsins var haldinn í Öxarfjarðarskóla þriðjudaginn 6 febrúar. Mæting var óvenju góð og einnig mætti Gunnhildur frá HSP og sat fundinn. Í stjórn sitja: Formaður: Baldur Stefánsson, Gjaldkeri: Salbjörg Matthíasdóttir og Ritari: Berglind Ýr Ingvarsdóttir. HSP þing var haldið af Eflingu 10 Mars. Feykir var með einn fulltrúa og fór Berglind.



Mánudag og þriðjudag 15.-16. apríl var reiðtygjasmiðja fyrir börn í Lundi, að þessu sinni var valið um tvær gerðir af leðurtaumum. Berglind var leiðbeinandi og til aðstoðar var Baldur. Nýtt og skemmtilegt framtak sem lukkaðist mjög vel.

Félagsreiðtúr var farinn frá Ærlækjarseli 15. júlí og riðinn tveggja klst. reiðtúr í austursandi. Að loknum reiðtúr voru svo grillaðar pylsur og drykkir í skemmuni í Ærlækjarseli. Reiðvegagerð er í gangi við Lund og norður að Stóralæk (norðan við Víðines). Framkvæmdir eru ekki búnar en vonandi fæst styrkur til að fara langt með þennan kafla sumarið 2025.

Hestaleikjanámskeið fyrir 6 ára og eldri var haldið á Fjöllum 2, 19. – 21. júní. Námskeiðið var í 3 klst. á dag þar sem farið var í bóklega fræðslu, umhirðu hestsins og gerðar æfingar til að efla jafnvægi knapa og samband milli knapa og hests í gegnum þrautir og leiki. Sex krakkar tóku þátt á námskeiðinu.

Hestaleikjanámskeið fyrir yngri krakka (2-6) ára var haldið tvisvar í sumar á Fjöllum 2, 8. júlí og 12. ágúst, 40 mín tímar, þar var farið í leiki og þrautir til að efla jafnvægi og traust við hestinn. Hóparnir voru tveir með samtals 8 nemendum, misjafnt var hvort foreldrar teymdu undir eða ekki. Leiðbeinandi á hestaleikjanámskeiðunum var Berglind Ýr. Bæði námskeiðin heppnuðust vel og



## Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2024 er fimmtánda starfsár golfklúbbsins. Megin starfsemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og veitingaskála er alveg á höndum landeigenda og þeirra félagi, Lundsgolf ehf. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu við Lundsgolf ehf. Áfram eru engar eignir skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins.



Lundsvöllur kom sérstaklega vel undan vetri og unnu landeigendur mikið í vellinum til að koma honum í stand fyrir sumarið og má segja að hann hafi aldrei verið í svona góðu ástandi. Þetta varð til þess að aðsókn á völlinn hefur aldrei verið meiri. Laugardaginn 1. júní opnaði síðan Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 63 félagsmenn með fulla aðild og 26 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 32 konur og 57 karlar, engin börn eða unglingar undir 18 ára eru í klúbbnum.

Mótahald á vegum GLF byrjaði seint þetta sumarið eða 6. júlí með okkar árlega Rafeyri vanur/óvanur sem er 2 manna texas scramble keppni, til leiks mættu 52 manns. Þann 4 ágúst var okkar stóra mót Coca-Cola verslunarmannahelgin,





voru þátttakendur ánægðir með sinn árangur í lok námskeiðs.

Almennt reiðnámskeið var haldið í Eyjadal dagana 22. – 23. júní. Námskeiðið var í boði fyrir alla og kennt var í einkatímum. Níu skráningar voru á námskeiðið. Kennari var Klara Sveinbjörnsdóttir. Almenn ánægja á meðal þátttakenda var með námskeiðið.

Stjórn Feykis

## Hestamannafélagið Grani

Félagsstarfið var með hefðbundnum hætti á árinu 2024. Grani sendi tvo fulltrúa á ársþing HSP að Breiðumýri þann 10. mars. Aðalfundur Grana var haldinn 30. maí og lét Stefán Haraldsson af formennsku og tók Bjarki Helgason við formennsku af Stefáni.



Föstudagskvöldið 14. júní stóð Grani fyrir félagsreiðtúr og grillveislu á eftir í reiðhöllinni og var mjög góð mæting. Sömu helgi stóð Grani að úrtöku á Akureyri fyrir landsmót hestamanna ásamt hestamannafélögum í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði. Grani sendi einn fulltrúa á landsmótið sem fór fram í Reykjavík dagana 1.-7. júlí. Granafélagar héldu þeirri áratugalöngu hefð og buðu börnum á hestbak á Þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Á haustmánuðum kom fyrrum Granafélaginn Thelma Dögg Tómasdóttir ásamt Lilju Maríu Suska og stunduðu þær tamningar af krafti í og við reiðhöllina í Saltvík auk þess sem þær buðu upp á reiðkennslu. Nýttu margir sér þjónustu þeirra og var gerður góður rómur af vinnu þeirra.

Þann 3. nóvember voru 60 ár liðinn frá stofnun Grana. Fyrsti formaður var Vilhjálmur Pálsson sem lést í vikunni þar á undan. Í tilefni 60 ára afmælis var boðið upp á kaffiveitingar auk þess sem Thelma Dögg Tómasdóttir hélt sýnikennslu. Góð mæting var á afmælissamkomuna.

Starfsárinu lauk svo með jólafundi þar sem farið var yfir málin og tekin umræða um hvaða áherslur félagsmenn vildu sjá á árinu 2025.

Bjarki Helgason, formaður

## Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxes:

Formaður: Jóhannes Sigfússon Gunnarsstöðum.

Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir Sauðanesi.

Ritari: Ragnar Skúlason Ytra-Álandi

Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson Laxárdal og Gísli Jónsson Þórshöfn.

Starf Snæfaxes:


Þann 6. janúar var haldin folaldasýning í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Tuttugu folöld tóku þátt. Þann 5. febrúar var haldinn stjórnarfundur á Gunnarsstöðum og þann 10. mars fóru tveir félagsmenn Snæfaxes og sátu HSP-þingið sem fram fór á Breiðumýri.



Boðið var upp á reiðnámskeið með Petronellu Hannulu sem er reiðkennari frá Háskólanum á Hólum og vinnur við tamningar og þjálfun á Snartarstöðum við Kópasker. Haldin voru tvö námskeið, það fyrra 6.-7. apríl og það seinna 13.-14. apríl. Námskeiðin voru kennd í einkatímum/hóptímum í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Snæfaxi skaffaði hesta og búnað fyrir þá sem það þurftu ásamt því að bjóða námskeiðið fyrir börnin án endurgjalds. Þátttaka var mjög góð og fullt frá morgni til kvölds alla dagana. Aðalfundur Hestamannafélagsins Snæfaxes var haldinn þriðjudaginn 30. apríl klukkan 20:00 í fundarsal skrifstofu Langanesbyggðar.

Í ágúst var reiðnámskeið fyrir börn 6 ára og eldri (fædd 2018 og fyrr) dagana 12.-14. ágúst. Kennari var Sunna Lind Sigurjónsdóttir útskrifuð af hestafræðibraut FSU. Kennarar voru í litlum hópum og var hver hópur í 45 mínútur á dag. Hestar og reiðtygi voru í boði fyrir þá sem þurftu, aðrir komu með sína eigin hesta og reiðtygi. Kennslan fór fram í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum og var kennt bæði úti og inni. Félagsmenn blésu til reiðtúrs mánudaginn 2. september kl. 17:00 frá Hölnárbrú. Reiðtúrinna endaði á Ytra-Álandi með grillveislu.

Stjórn Snæfaxes



## Hestamannafélagið Þjálfí

Hestamannafélagið Þjálfí hefur átt farsælt ár með nokkrum viðburðum og góðum framförum í reiðvegamállum. Á árinu hélt félagið tvö stórmót sem bæði tókust afar vel. Annað þeirra var Einarstaðamót sem fór fram með góðum hætti og mæting var góð. Keppendur og áhorfendur voru ánægðir með framkvæmd mótsins og stemningin var til fyrirmyndar. Mývatn Open var einnig haldið og tókst afar vel góð mæting



og gott veður. Reiðvegarnir eru farin vel af stað og hefur reiðveganefnd félagsins unnið frábært starf á árinu. Sérstaklega ber að nefna að nefndin hefur hafið vinnu við gerð reiðvegar á Staðarbrautinni sem er stórt skref í átt að bættum reiðleiðum fyrir félagsmenn. Starfsemi félagsins á árinu horfir til betri vegar og vonumst við til að félagið haldi áfram á sömu braut.

Stjórn Þjálfva



Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið ágætlega að fjármagna starfið, enda höfum við getað leitað til afar sterkra fyrirtækja sem hafa tekið okkur mjög vel, styrkt starfið mjög myndarlega og staðið þétt við bakið á okkur.

Undanfarin ár höfum við lagt mikinn metnað í beinar útsendingar á Youtube-rás Magna og sýnum við beint frá heimaleikjum meistaraflokks. Erum einnig með VEO myndavél og sýnum við alla okkar útileiki í beinni útsendingu til okkar stuðningsmanna.

Grenivíkurvöllur er áfram glæsilegur þrátt fyrir erfiðan vetur, fyrsti heimaleikur liðsins var 13. júlí vegna tíðarfars, við munum ekki eftir því áður að hafa farið á Grenivíkurvöll svo seint, en völlurinn komst í toppstand með mikilli vinnu. Mikill metnaður er að hafa hann góðan og fallegan og er aðstaða við völlinn afar góð, aðstaða við Grenivíkurvöll er frábær inn í nánustu framtíð.

Pílueld Magna. Stjórnina skipa Birta María Jónsdóttir, Björn Andri Ingólfsson sem er formaður, Guðmundur Sæmundsson, Róbert Þorsteinsson og Þorsteinn Björnsson. Um 40 manns eru í pílueld Magna, nokkrir eru að taka þátt í mótariðum og hefur þeim gengið vel. Fimm píluvellir eru í félagsaðstöðu á efri hæð hússins og mikið líf og fjör, skipulagðar æfingar eru 2 í viku fyrir bæði börn og fullorðna. Nokkur mót hafa verið haldin hjá pílueld Magna. Aðstaðan var bætt með kaupum á sjálfstjórni Scolia myndavélakerfi og eru því tvær brautir með myndavélakerfi. Markmiðið er að bæta við fleiri Scolia kerfum á næstu árum. Þess má geta að pílun er ein af valgreinum í Grenivíkurskóla og eru mörg börn sem völdu píluna.

Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða er meðal fólks að halda úti öflugum íþróttastarfi á Grenivík. Það ríkir bjartsýni í félaginu, við förum öflug og samstillt inn í næsta ár og gerum okkar besta á öllum vígstöðvum. Til að sterkt sveitarfélag geti gengið vel þá þarf að halda úti góðu og öflugum íþróttastarfi.

Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri

## Íþróttafélagið Völsungur

### Framkvæmdastjóri/Aðalstjórn

Starfsemi félagsins hefur haldið áfram að vaxa á árinu 2024 og hefur líklega aldrei verið fjölbreyttari. Völsungur er ríkur af einstaklingum sem brenna fyrir félagið og er óeigingjarnt á tíma sinn og vinnu í kringum sjálfbærni og fjölbreyttari. Það eru einmitt ekki síst fyrir hlut þessara einstaklinga sem gerir það að verkum að starfið hefur vaxið og dafnað og er eins öflugt og raun ber vitni. Við erum stolt af öllu því frábæra fólki sem tekur að sér störf innan félagsins og vinnur af hugsjón félaginu til framdráttar. Það er gaman að tilheyra Völsungsfjölskyldunni og þar er líka alltaf pláss fyrir fleiri. Íþróttafélagið Völsungur hefur haldið nokkra árlega viðburði og á því var engin undantekning á árinu 2024. Íþróttafólk Völsungs var heiðrað í byrjun árs og voru Arnar Pálmi Kristjánsson knattspyrnumaður og Sigrún Marta Jónsdóttir blak-





kona kosin íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2023. Á afmælisdegi félagsins, 12. apríl, var efnt til afmælisveislu í Vallarhúsinu. Við það tilefni var ný heimasíða félagsins kynnt og sett í loftið og sögunefnd Völsungs opnaði og kynnti fyrsta kaflann í sögu félagsins sem er hýstur á heimasíðunni. Einnig nýtti félagið tækifærið og heiðraði Lúðvík Kristinsson með gullmerki Völsungs og Jón Höskuldsson og Sóleyju Sigurðardóttur með silfurmerki Völsungs fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins um langt skeið.

Samþættingarverkefni Völsungs, Norðurþings, Grænuvalla og Borgarhólsskóla hélt göngu sinni áfram á árinu. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið sem nær til elstu tveggja árganga í leikskóla og yngstu tveggja árganga í grunnskóla. Öll börn á þessu aldursskeiði fara á skipulagðar íþróttæfingar í leikskóla- og frístundastarfi sínu. Þarna fá börn kynningu á íþróttgreinum innan félagsins. Strax eru farin að sjást merki um aukna þátttöku iðkenda á þessum aldri í starfi félagsins. Skráning í valkvæð námskeið hjá Völsungi hefur stóraukist og má þar nefna að sundnámskeið sem hefur verið haldið á vorin hefur aldrei verið fjölmennara, aldrei hafa fleiri börn verið í íþróttaskólanum og aldrei hafa fleiri iðkendur skráð sig í sumarnámskeið í knattspyrnu í yngstu flokkum. Skipulagt íþróttastarf er gríðarlega mikilvæg forvörn og við erum heppin að svo fjölbreytt starf sé í boði fyrir alla aldurshópa í ekki stærra samfélagi. Á árinu hefur fjölbreytileikinn meira að segja aukist nokkuð. Bardaga-deildin hélt námskeið í Jiu Jitsu fyrir börn og þá var stofnuð píludeild innan Völsungs en hvoru tveggja er skemmtileg viðbót við hreyfiflórana í samfélaginu okkar. Píludeildin tók í gegn norðurendann í sundlaugarkjallaranum og opnaði þar aðstöðu á haustdögum. Skráning í félagið hefur verið með eindæmum góð og býður deildin upp á opin kastkvöld fyrir almenna félagsmenn ásamt því að vera með unglíngakast. Eftir áramótin er svo stefnt á að vera með kvennakast að lágmarki einu sinni í viku. Þá rekur Völsungur öflugt afreksstarf bæði í blaki og knattspyrnu, afreksstarf sem eftir er tekið á landsvísu og oft út fyrir landsteinana.

Reglulega erum við Völsungar með einstaklinga í landsliðsverkefnum og eru þeir einstaklingar félaginu til mikils sóma. Það eru hálfgerð forréttindi að geta mætt á viðburði þar sem Völsungur etur kappi við bestu lið landsins í sínum greinum alla mánuði ársins og við getum svo sannarlega verið stolt af öllu okkar frábæra íþróttafólki. Meistaraflokkur

karla í knattspyrnu endaði sumarið á því að komast upp um deild og spilar því í Lengjudeildinni að ári og þá voru stelpurnar í meistaraflokki kvenna í toppbaráttu allt fram í lokaleik sumarsins. Meistaraflokkarnir okkar í blaki eru líka að gera góða hluti.

Karlaliðið spilar í efstu deild og kvennaliðið er um þessar mundir í toppbaráttunni í efstu deild. Auk alls þessa sem talið er upp hér að ofan er einnig hreyfing meðal almennings innan félagsins. Hjóladeildin hefur haldið áfram að viðhalda sínum stígum, Skíðagöngudeildin hefur farið í uppbyggingu á lýsingu á svæðinu og gönguhópur eldri borgara mætir alla fimmtudaga í Vallarhúsið eftir að hafa nýtt upphitað vallarsvæðið til göngu. Allt þetta er einungis brot af öllu því góða og öfluga starfi sem Völsungur stendur fyrir og tekur þátt í. Nú í desember var síðan samþykkt gríðarlega jákvæð fjárhagsáætlun hjá Norðurþingi þegar lítið er til uppbyggingar og viðhalds íþróttamannvirkja. Meðal þess sem er á dagskrá er að skipta út gervigrasinu á PCC vellinum og setja þar stúku. Með þessari framkvæmd er stóraukin og bætt aðstaða áhorfenda við völinn en einnig stendur til að skipta út gólfinu og stúkunni í PCC höllinni. Við Völsungar fögnum þessum mikilvægu verkefnum sem við vitum að eiga eftir að hafa jákvæð áhrif á okkar öfluga starf.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins á árinu kærlega fyrir sitt framlag. Hvort sem um er að ræða iðkendur, foreldra eða forráðamenn, sjálfbóðaliða eða stjórnar fólk, án ykkar væri þetta ekki mögulegt. Takk fyrir að taka þátt í að gera bæjarfélagið okkar eftirsóknarverðara og uppfyllt af tækifærum. Að auki vil ég þakka kærlega öllum velunnurum Völsungs sem ár eftir ár styrkja félagið fjárhagslega fyrir ykkar framlag og fyrir að taka þannig þátt í því að tryggja að hægt sé að halda úti og bjóða upp á öflugt íþróttastarf.

### Boccia

Árið byrjaði í febrúar með okkar árlega Húsavíkurmóti sem gekk mjög vel. Góð þátttaka var í mótinu þar sem fyrirtæki og eldri borgarar hér í bæ etja kappi saman og hafa gaman. Þetta mót er okkar helsta fjáröflun og þökkum við keppendum og fyrirtækjum hér í bæ sem gefa vinninga fyrir stuðninginn. Í ár unnu Húsavíkurmótið kapparnir Einar Baldvins og Dagur Jóhannesson, í öðru sæti Sigurður Haukur







Vilhjálmsson með vini sínum Hjörvari Jónmunds og þriðja sætið hrepptu Jóna Rún Skarphéðinsdóttir með mági sínum Sigmari Stefáns. Hvatningarbikar Íþróttafélags fatlaðra fékk að þessu sinni Aron Fannar Skarphéðinsson en hann er ómissandi í starfi deildarinnar.

Í mars voru Ólafur Karlsson og Hildur Sigurgeirsdóttir valin Bocciamaður og Bocciakona fyrir árið 2023. Í maí var svo haldið á Hængsmótið á Akureyri sem er einstaklingskeppni en þar var líka haldið um leið Íslandsmótið í liðakeppni og gekk okkar fólki mjög vel þar. Í 2.deild sigruðu Bryndís Edda Benediktsdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Kristín Smith og í þriðja sæti í sömu deild voru Kristbjörn Óskarsson, Sverrir Sigurðsson og Kristófer Ásvaldsson, frábær árangur. Í október var haldið til Reykjavíkur að morgni föstudags með langferðabíl Fjallasýnar sem hefur reynst okkur mjög vel í okkar ferðum og vil ég þakka sérstaklega vel fyrir það. Við gerðum vel við okkur og gistum á Grandhótel og voru allir hæstánægðir að dvelja á svona flottu hóteli. Eftir langan keppnisdag á laugardegi var farið á glæsilegt pizzahlaðborð í Minigarðinum og var virkilega gaman að fara með hópinn þangað, allir þakksaddir og sælir. Dagarnir eru langir á Íslandsmótunum og allir að standa sig vel og gleðin við völd. Til verðlauna unnu Rut Guðnýjardóttir í 1. sæti í 6. deild en hún var að byrja aftur að æfa eftir langt frí. Ólafur Karlsson landaði svo silfrinu í 4.deildinni eftir harða baráttu um gullið. Mótið endaði svo á sunnudagskvöldinu með glæsilegu lokahófi í Gullhörmum. Heimförin gekk vel og var komið heim um kl. 16 á mánudeginum. Að fara í svona fjögurra daga ferð er ekki hægt án okkar frábæra starfsfólks hjá Norðurþingi og fyrir það vil ég þakka.

### BJJ Brasilískt Jujitzu

Nú er fjórða starfsár glímunnar að renna sitt skeið og heldur uppgangur íþróttarinnar áfram. Myndast hefur góður kjarni iðkenda sem tekur stöðugum framförum. Ástundun hefur verið með hinu ágætasta móti en eins og gengur og gerist hverfa einhverjir iðkendur á braut og koma nýir í þeirra stað. Heilt yfir hafa á annan tug nýliða tekið þátt í glímu-starfinu á árinu auk þess sem deildin fór af stað með barna-



starf í september síðastliðnum þar sem krakkar í 7.-10. bekk stigu sín fyrstu skref á dýnunum. Í september síðastliðnum lögðu tveir iðkendur land undir fót og tóku þátt í Hvítur á leik sem er mót fyrir hvítbeltinga. Konrad Mianowany keppti um þriðja sætið í sínum þyngdarflokki (100 kg+) en laut í lægra haldi gegn sterkum andstæðingi. Dagur Ingi Sigur-sveinsson gerði sér lítið fyrir og bar sigur úr býtum í sínum þyngdarflokki (-82 kg) þar sem hann kláraði alla andstæð-inga sína með uppgjafartaki. Auk þess tók hann þátt í opnum þyngdarflokki á sama móti og lenti í öðru sæti. Það skal því engan undra að Dagur Ingi var gráðaður í blátt belti í október síðastliðnum enda vel að því kominn. Fleiri iðkendur voru gráðaðir á árinu. Heiðar Beitelstein Kristjáns-son fékk blátt belti, Andreas Hautopp Blensner og Ólafur Ármann Sigurðsson fengu fjólublátt belti og Andri Dan Traustason og Kristján Gunnar Óskarsson voru gráðaðir í brún belti. Innan raða deildarinnar eru í heildina á þriðja tug hvítbeltinga, bláu beltin orðin átta talsins, tvö fjólublá og tvö brún. Það er því ljóst að íþróttin hefur fest sig í sessi innan raða Völsungs og horfum við glímumenn og -konur björtum augum fram á við.

### Knattspyrna - yngri flokkar

Hlutverk barna- og unglingaráðs knattspyrnu deildar Völsungs felst í því að halda utan um starfsemi yngra flokka félagsins. Ráðið sér meðal annars um skipulagningu fjár-öflunar deilda, innheimtu æfingagjalda, ráðningar á þjálfurum ásamt því að taka á einstaka málum sem upp koma og vill ráðið nýta tækifærið og þakka foreldrum fyrir farsælt samstarf á árinu sem er að líða. Lykilinn að öflugu íþróttastarfi barna er gott og öflugt samstarf foreldra, barna og félagsins. Barna- og unglingaráð er skipað 3-5 full trúum í senn. Nú skipa ráðið Berglind Jóna Þorláksdóttir formaður, Elísabet Anna Helgadóttir, Freyr Ingólfsson, Rúnar Trausta-son og Sólveig Ása Arnarsdóttir. Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri félagsins situr fundi ráðsins og er tengi-liður við aðalstjórn. Einnig situr yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu, Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, fundi ráðsins.

Í þjálfarahópi yngri flokka í knattspyrnu á árinu sem er að líða voru þau Arnar Pálmi Kristjánsson, Árdís Rún Þráins-dóttir, Bjarki Baldvinsson, Elmar Örn Guðmundsson, Ólafur Örn Guðmundsson, Sarah Elnicky og Tryggvi Grani Jóhanns-son. Í byrjun árs og síðar haustdögum létu Árdís, Bjarki, Elmar Örn, Ólafur og Tryggvi af störfum og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf í þjálfun. Í þjálfarahópinum bættist við Akil DeFreitas. Einnig störfuðu sem aðstoðarþjálfarar þau Jakob Gunnar Sigurðsson, Elísabet Ingvarsdóttir, Davíð Leó Kristinsson, Arnar Kári Benediktsson, Aron Bjarki Krist-jánsson og Tómas Bjarni Baldursson. Bæst hafa við á haust-dögum Halla Bríet Kristjánsdóttir, Jóhanna Heiður Kristjáns-dóttir og Jón Helgi Brynjúlfsson. Við erum afskaplega stolt af öllum okkar þjálfurum sem stóðu sig frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum. Birkir Örn Kristjánsson í Smiðjunni sá um styrktarþjálfun 3. og 4. flokks fram að hausti en þá tók Harpa Ásgeirsdóttir við.

Starfið hefur farið fram af krafti á árinu og hafa krakkarnir okkar ferðast um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar. Þeim iðkendum



Völsungs sem voru valin í landsliðsverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá fjölga í þeim hópi á komandi árum. Völsungsmótið var haldið í lok ágúst og var það afar vel heppnað og vel sótt. Samþætting skóla- og tólmundastarfs var áfram starfandi á árinu og gekk það afskaplega vel. Við erum þegar farin að sjá árangur af verkefninu en iðkendum sem lokið hafa þjálfun í samþættinugunni hefur þegar fjölgað svo um munar. Barna- og unglingaráð vill koma til skila innilegum þökkum til allra foreldrafulltrúa og annarra sjálfbóðaliða sem hafa lagt á sig mikið óeigingjarnt starf í þágu félagsins við það stóra verkefni sem það er að halda úti íþróttastarfi barna.

### Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn hefur fyrir löngu fest sig í sessi og verið órjúfanlegur partur af laugardagsdagskrá fjölskyldna á Húsvík og nágrenni. Íþróttaskólinn hefur verið á laugardögum undanfarna vetur og engin undantekning á því á árinu. Iðkenda fjöldinn hefur haldist stöðugur undanfarin ár, 50-70 börn eru skráð hverja önn og mæting og þátttaka hefur verið góð. Við höfum unnið með að auka samhæfingu, styrk, úthald og leikgleði til þess að undirbúa börnin fyrir samþættingarverkefnið og áframhaldandi íþróttaiðkun. Samstarf íþróttaskólans við Crossfit-stöðina á Húsvík hefur gengið vel og hafa nokkrir tímar verið færðir þangað þegar íþróttahöllin er bókuð fyrir stærri viðburði. Við erum mjög þakklát fyrir vini okkar í Smiðjunni og þökkum þeim kærlega fyrir afnotin af aðstöðunni þær helgar sem við höfum þurft á að halda. Á haustönn 2024 fékkst einnig vilyrði eftir fyrirspurnir foreldra að opna litla salinn í höllinni fyrir börn undir tveggja ára aldri og hefur verið góð mæting í þau skipti sem við höfum getað boðið upp á þann möguleika. Við munum halda þeirri opnun áfram og hvetjum við foreldra barna sem hafa ekki náð lágmarksaldri að nýta sér litla salinn á laugardögum milli 9:30 og 11:30.

### Blak

Blakdeild Völsungs býður uppá blakæfingar fyrir allan aldur, allt frá grunnskóla og uppúr. Í heildina eru iðkendur um 80 á öllum aldri. Þjálfarar á yfirstandandi keppnistímabili eru hjónin Tamas og Tamara Kaposi, en þau leystu af hin kanadíska Kira Sutcliffe og Trey Weinmeier, sem voru yfirþjálfarar ásamt því að sjá um yngstu iðkendur deildarinnar og meistaraflokkana. Þá hefur Paula Verardo séð um unglingsflokk kvenna og Hreinn Kári og Heiðís Edda hafa haldið utan um U14 kvenna, sem er með stærri hópum hjá félaginu. Arney Kjartansdóttir er síðan þjálfari hjá öldungaliðunum Búbblum og Elítum en Ornela Melchiorri hefur séð um þjálfun annarra öldunga.

Á síðasta keppnistímabili í blakinu tóku meistaraflokkar

karla og kvenna þátt í efstu deild Íslandsmótsins, Unbroken-deildinni, en er þetta í fyrsta skiptið sem félagið teflir fram liði í efstu deild Íslandsmóts karla. Kvinnaliðið var í baráttu í efri hlutanum í sinni deild meðan karlarnir voru að feta sín fyrstu skref með það markmiði að öðlast reynslu sem hægt væri að byggja ofaná til framtíðar. Bæði liðin féllu úr leik í 8-liða úrslitum í Kjörísbikarkeppni BLÍ. Karlaliðið féll einnig út í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins en kvinnaliðið komst alla leið í undanúrslit en féll þar úr leik fyrir KA sem seinna stóðu uppi sem Íslandsmeistarar. Eins og oft áður urðu breytingar á leikmannahópunum yfir sumartímann. Allir erlendu leikmenn liðanna héldu á brott og nýir komu í staðinn. Hjá körlunum kom Tamás inn sem spilandi þjálfari og Hristo Petkov kom frá Búlgaríu. Þá bættust einnig í hópinn þeir Þórarinn Örn Jónsson og Draupnir Jarl Kristjánsson en báðir hafa reynslu af efstu deild sem og með landsliði Íslands. Þá kom Þórarinn til Völsungs frá Odense Volleyball í Danmörku þar sem hann varð danskur meistari með félaginu í vor. Kvennamegin bættust við Kristine Teivane (Lettland), Ornela Melchiorri (Argentína/Ítalía) og Paula Verardo (Argentína/Spánn) ásamt Tamara. Liðin hafa byrjað ágætlega í deildinni og eru stelpurnar í harðri keppni á toppi deildarinnar meðan strákarnir vinna hörðum höndum að því að komast í topp 4 fyrir úrslitakeppni.

Árið hefur verið nokkuð viðburðarríkt hjá U20 liðunum og þá kannski sérstaklega strákunum. Bæði liðin höfnuðu í 3. sæti í Bikarmóti BLÍ á Akureyri í febrúar. Íslandsmótið í U20 var að þessu sinni haldið samhliða 1. deild Íslandsmótsins. Deildinni var skipt í tvo riðla, SV og NA. Liðin innan hvers riðils spiluðu heima og úti en síðan voru haldin tvö helgarmót þar sem öll lið spiluðu einu sinni hvert við annað. Síðan var liðunum skipt upp í úrslitakeppninni þar sem U20 liðin spiluðu sér. Kvinnaliðið endaði í 3. sæti í úrslitakeppni Íslandsmóts U20 en strákarnir stóðu hins vegar uppi sem Íslandsmeistarar eftir harða baráttu við Þrótt Fjarðabyggð. Bikarmótið 2025 var síðan haldið núna í desember að Varmá í Mosfellsbæ, en ákveðið var að skipta bikarmóti yngriflokka upp í tvö mót þar sem fjöldi liða var orðin svo mikill að erfitt var að halda mótið allt á einum stað. Því voru U14 og U20 liðin látin spila núna í desember meðan U16 liðin munu spila sitt mót í febrúar n.k. Árangurinn á bikarmótinu var góður en stelpurnar enduðu enn á ný í 3. sæti á meðan strákarnir unnu Vestra í úrslitaleik og eru því handhafar bæði Íslands- og Bikarmeistararitilsins. Það er sannlega björt framtíð í blakinu hjá Völsung og verður gaman að fylgjast með þessum flottu krökkum halda áfram að bæta sig í náinni framtíð.

Íslensku landsliðin í blaki tóku þátt í riðlakeppni Silver-







league sem er verkefni á vegum CEV. Þar áttu Völsungar sína fulltrúa þar sem þeir Hreinn Kári og Aron Bjarki tóku þátt í verkefninu að hluta. Leikmenn okkar í kvennaflokki höfðu ekki tók á að taka þátt í verkefninu að þessu sinni vegna anna. Við reiknum þó með að eiga einhverja fulltrúa þegar liðin koma saman aftur í maí fyrir Silver-league og Evrópukeppni smáþjóða þar sem alls voru 11 leikmenn frá Völsung boðaðir til æfinga með A-landsliðnum núna í desember. Þær æfingar marka upphafið á undirbúningi fyrir verkefni landsliðanna næsta vor.

Völsungar áttu einnig sína fulltrúa í U17 og U19 landsliðum Íslands. Á NEVZA móti U17 karla, sem fram fór í Íkast í Danmörku, spiluðu þeir Aron Bjarki Kristjánsson og Jón Andri Hnikarsson. Aron Bjarki var fyrirlíði Íslands í mótinu og náði liðið alla leið í úrslit þar sem liðið tapaði fyrir sterku liði Finnlands 3-1. Silfurverðlaun raunin og er þetta besti árangur íslenska karlaliðsins á NEVZA frá upphafi. Glæsilegur árangur hjá þeim félagum. U17 kvenna landsliðið stóð sig einnig frábærlega í mótinu og enduðu stelpurnar í 3. sæti. Með liðinu spilaði Inga Björg Brynjúlfsdóttir sem spilaði sína fyrstu landsleiki á þessu móti og stóð sig mjög vel. En hún var einmitt einnig valin til að spila með U19 landsliðinu viku seinna. Á U19 móti NEVZA spiluðu þeir Aron Bjarki, Hreinn Kári Ólafsson og Sigurður Helgi Brynjúlfsson fyrir karlaliðið sem endaði í 6. sæti mótsins. Í U19 kvenna spiluðu þær Sigrún Marta, Kristey Marín, Heiðdís Edda, Sigrún Anna og Inga Björg. Glæsilegur hópur frá grænum. Liðið spilaði vel á mótinu og endaði í 4. sæti eftir grátlegt tap fyrir Noregi í leik um 3. sætið.

Starfið var öflugt í yngri flokkunum eins og síðustu ár. Haldin voru héraðsmót á norðurlandi ásamt því að félagið sendi lið til þátttöku í Íslandmóti að hausti, Bikarmóti BLÍ í janúar og Íslandsmóti að vori. Íslandsmótið er samtengt og því geta aðeins lið sem taka þátt í báðum mótum unnið til verðlauna. U14 karlar gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar. Í haust tóku svo nokkrir iðkendur þátt í afreksbúðum BLÍ bæði í Mosfellsbæ sem og á Akureyri og stóðu sig mjög vel.

Í almenningsblakinu hefur verið ágætur gangur í kvenna-blakinu eins og síðasta vetur. Erfiðlega hefur gengið að ná körlunum úr einangruninni eftir Covid en vonandi fer það að breytast fljótlega. Völsungur hélt sitt árlega Nýársmót í byrjun janúar sem tókst einnig mjög vel. Þá stóð félagið einnig fyrir stuttu hraðmóti í Nóvember sem heppnaðist ljómandi vel. Þá má geta þess að Sigrún Marta Jónsdóttir, var valin íþróttakona Völsungs fyrir árið 2023 í hófi sem haldið var í mars og einnig íþróttamaður HSP. Frábært afrek hjá magnaðri blakkonu. Eins og sjá má á þessari samantekt þá er starf deildarinnar í miklum blóma og nóg um að vera á flestum vígstöðum. Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga hefur verið góður og þökkum við kærlega fyrir samstarfið og

aðstoðina sem okkur hefur verið veitt. Starfið heldur áfram og framundan eru ýmis mót og leikir og treystum við á að Húsvíkingar og nærsveitarfólk standi áfram við bakið á blak-deildinni og haldi áfram að mæta á heimaleiki, hvetji og styðji okkar fólk.

### Sund

Á vordögum var haldið sundnámskeið í sundlaug Húsavíkur fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana. Veðrið var aldeilis að stríða okkur í vor og var námskeiðinu seinkað um einn dag. Við kennararnir munum ekki eftir að hafa kennt námskeiðið í svona miklum kulda og snjókomu áður. Starfsmenn sundlaugar voru frábærir og hækkuðu hitann fyrir okkur í lauginni. Námskeiðið sóttu rúmlega 70 börn á aldrinum 4-6 ára sem er fjölmennasta námskeið sem hefur verið haldið. Kennarar í sex aldursskiptum hópum og var hverjum hópi kennt í 30 mínútur í senn, alls átta skipti. Markmiðið með námskeiðinu var fyrst og fremst að börnin myndu öðlast öryggi og vellíðan í vatni í gegnum margvíslega leiki en einnig var unnið markvisst með flot og köfun og grunn sundtækni, allt eftir þroska og getu hvers hóps. Til að vinna að markmiðum námskeiðsins með börnunum var m.a. notast við flotnúðlur, korka, flotdýnur og ýmislegt köfunardót. Námskeiðið var skipulagt þannig að börnin koma í fylgd forráðamanna sem aðstoða þau í gegnum sundklefana og taka kennarar við börnunum ofan í lauginni ásamt aðstoðarmönnum en við höfum verið svo lánsöm að vera í samstarfi við vinnuskólann og fengið duglega krakka til liðs við okkur. Í sumar aðstoðuðu Inga Björg, Jón Helgi og Jón Stefán okkur. Einnig kom Dagbjört Lilja við sögu. Við þökkum bæði þessum flottu krökkum og Norðurþingi fyrir aðstoðina við námskeiðið. Það var afar ánægjulegt að vinna með börnunum á námskeiðinu, bæði að upplifa gleðina og hugrekið sem einkenndi þau og einnig að sjá hvernig öryggið og færnin jókst með hverjum tímanum. Mörg börn voru að koma á sitt fyrsta sundnámskeið en önnur að ljúka sínu þriðja námskeiði en öll tóku þau framförum, hvert á sinn hátt. Flest voru farin að kafa og mörg voru farin að geta bjargað sér með sundtökum nokkra metra á grunnu lauginni. Leikskólasundið kemur sér vel þegar kemur að því að fara í grunnskóla og skólasund því við vitum að þau börn sem hafa verið hjá okkur á námskeiði koma vel undirbúin fyrir fyrsta árið í skólasundi. Við þökkum sundnemendum okkar og foreldrum fyrir ánægjulega samveru í sundlauginni í sumar og hlökkum til að taka á móti gömlum og nýjum sundnemendum næsta vor.

### Hjól

Veturinn var nýttur til þess að vinna í haginn fyrir sumarið. Nokkur vinnukvöld voru haldin þar sem meðlimir smíðuðu palla og brýr sem er ætlað að koma fyrir á ýmsum stöðum, bæði á slóðum og á æfingarsvæði í stöllum. Stjórnarfundur var haldinn í apríl, árið 2023 var gert upp og kosin stjórn en hún situr óbreytt frá fyrra ári. Í maí var haldið hjólanámskeið í samstarfi við Jóhann Arnór Elíasson, Íslandsmeistara í downhill hjólreiðum, og Sjóvá sem að styrktu okkur



í þessu verkefni. Námskeiðið var yfirgrípsmikið og augljóst að hann hefur mikla reynslu og þekkingu. Námskeiðið var vel sótt og var til mikilla bóta fyrir þá aðila sem komu. Farið var yfir tækni og öryggismál varðandi hjólreiðar til þess að auka færni þeirra sem námskeiðið sóttu.

Í byrjun sumars var farið í að skoða gamlan stíg sem liggur frá Reykjaheiðarvegi og niður að golfvelli, leið sem er á frábærum stað en fáir nýta þar sem neðsti kaflinn var mjög grýttur og erfiður yfirferðar. Í samstarfi við Norðurþing var farið í að laga neðsta kaflann, tókst sú framkvæmd mjög vel og er þessi leið frábær viðbót við sífellt vaxandi leiðarkerfi á svæðinu. Hjólabrautin var einnig yfirfarin í byrjun sumars, slóðar lagaðir eftir veturinn og allt gert klárt fyrir sumarið. Þessi braut er sífellt meira notuð eftir því sem árin líða og hefur sannað sig sem mikilvæg viðbót í flóru útivistar á svæðinu. Unnið var meira í stallasvæðinu í sumar, leiksvæðinu var breytt og pallar lagaðir. Svæðið var lagað til að ræsa vatn betur frá því og svokallaður drop pallur var settur upp. Næsta sumar stendur til að gera enn betur á þessu svæði með því að setja veltipall og tréstíga til þess að geta betur æft tækni og jafnvægi. Unnið er að því að uppfæra aðalskipulag Norðurþings og er hjóladeildin, ásamt fleirum, að koma að því verkefni með sveitarfélaginu. Skemmtileg vinna þar fram undan og mikið er gert með uppbyggingu útivistarsvæða í þessu samhengi. Eitthvað sem er gríðarlega jákvætt og við teljum hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Eins og oft áður skiptir veður miklu máli í þessu sporti og sumarið var ekkert það besta í því samhengi. Var því mikið minna gert er við vonuðumst til. Við gerðum samt það besta sem hægt var miðað við aðstæður og vonumst til að næsta sumar komi sterkt inn með betra veðri og meiri uppbyggingu.

### Fimleikar

Fimleikastarfið hefur tekið stökk fram á við á síðasta ári, þótt enn séu tækifæri til frekari vaxtar. Æfingar hafa verið haldnar einu sinni til tvisvar í viku og iðkendur skipt í þrjá hópa eftir aldri og getu. Þetta nýja fyrirkomulag byggir á hæfniviðmiðum sem deildin hefur tekið upp þar sem lögð er áhersla á að hver iðkandi fái að þroskast og ná árangri á sínum eigin hraða. Sérstök áhersla hefur verið lögð á styrk, grunnæfingar, líkamsbeitingu og stökk, sem hefur borið ávöxt. Iðkendur hafa staðið sig gríðarlega vel og má sjá mikinn árangur eftir að hóparnir urðu minni og markvissari. Nú eru á bilinu 30-40 iðkendur skráðir hjá deildinni, þar af nokkrir sem ferðast alla leið frá Mývatnssveit til að æfa með okkur. Það er til marks um áhugann og metnaðinn sem ríkir í deildinni. Til að styðja

iðkendur og styrkja starfið betur hefur deildin einnig lagt áherslu á þjálfun þjálfara með viðeigandi námskeiðum. Í júní var haldin glæsileg vorsýning þar sem iðkendur á öllum aldri sýndu listir sínar á hinum ýmsu áhöldum. Sýningin var virkilega vel heppnuð og mætingin framar öllum



vonum. Við tókum á móti frjálsum framlögum og var iðkendum veitt viðurkenningarskjal í lok sýningar.

Í byrjun desember fengum við þann heiður að taka á móti Kristni Þór, deildarstjóra og þjálfara hjá Gerplu, til að halda æfingahelgi fyrir iðkendur. Kristinn er með 30 ára reynslu í fimleikabjálfun og var meðal þjálfara íslenska landsliðsins sem varð Evrópumeistari í október. Hann deildi með okkur ómetanlegri þekkingu og reynslu. Þessi heimsókn var einstök gjöf fyrir bæði iðkendur og þjálfara okkar og mun vonandi hafa langvarandi áhrif á starf deildarinnar. Við hlökkum til að halda áfram á þessari vegferð með ykkur öllum á nýju ári.



### Skíðaganga

Gönguskiðaveturinn 2024 var um margt ágætur, snjóalög allgóð, en það var einna helst ófriðurinn í logninu á „Heiðinni“ sem ýtti undir lágarenninginn alræmda. Þetta gerði okkur gönguskiðafólkinu erfiðara fyrir að finna sporið og jafnvel bílastæði oft á tíðum. En eins og alltaf á Gömlu Vík birtir upp og brestur á með einmuna blíðu og þannig dagar litu að sjálfsögðu dagsins ljós líka. Þá iðar allt Reyðar-árhjúkssvæðið af lífi. Buchgangan átti að fara fram á laugardegi um páska, 30. mars. Allar aðstæður voru fyrsta flokks en þá tók móðir náttúra veðrið í sínar hendur og henti í okkur þrálátum stórhriðum, illviðrum og að endingu snjóflóðahættu, svo loka þurfti svæðinu. Eftir mikið þrátæfli við náttúruöflin og margar frestanir, tókst okkur loks að halda Buchgönguna á sjálfan 1. maí. Aðstæður voru alveg þrýðilegar og hafði Sigga Hreins tekist mjög vel að troða fádæma góð keppnispor. Þrátt fyrir endalausar frestanir mættu þó um 50-60 keppendur, víðs vegar að öllu landinu á öllum aldri og gengu ýmist 5, 10 eða 20 km. Að keppni lokinni fengu að sjálfsögðu allir keppendur og aðrir gestir sér hressingu í boði Norðlenska-Kjarnafæðis, MS, og Nettó. Einnig fékk mótsnefnd góða aðstoð frá Trésmiðjunni Rein, Framsýn, Ísfelli/GG.sport, Belkod, Geosea og síðast en ekki síst, Norðurþingi. Buchgangan er ein af sjö göngum Íslandsgöngunnar en hinar eru Hermannsgangan, Bláfjallagan, Fjarðargangan, Strandagan, Fossavatnsgangan og síðust er vanalega Fjallagan, haldin í nágrenni Egilsstaða á Fjarðarheiði. Gaman er að nefna að Völsungur átti þátt-takendur í öllum göngunum sjö. Markmið Íslandsgöngunnar er að allir geti tekið þátt, jafnt byrjendur sem ólympíufarar og hefur þetta gengið vel eftir og iðkendum fjölgað alveg gríðarlega síðastliðin ár. Svona í lokin er vert að nefna samvinnuverkefni Norðurþings og áhugafólks um skíðagöngu hér á Gömlu Vík. Verkefnið felst í því að búa til upplýstan 1 km. hring upp við Reyðar-árhjúk. „Ljósahringurinn“ er því sem næst klár og eiginlega bara beðið eftir örlítið meiri snjó á heiðina. Þá verða ljósin kveikt og því engin afsökun lengur fyrir því að mæta ekki og prófa gönguskiðin. Næsta verkefni





á heiðinni er svo að undirbúa endurnýjun á húsakosti þar efra.

### Knattspyrna - meistaraflokkar

Þá er knattspyrnuárinu 2024 lokið og má segja það hafi verið stórkostlega skemmtilegt hjá meistaraflokkunum okkar þetta árið. Aðalsteinn Jóhann Þjálfari áfram báða meistaraflokka og hafði sér til aðstoðar Santiago Feuillassier karlamegin og Söruh Elnicky kvennamegin. Frábær teymi á báða vanga. Unnið var áfram með þá ung hópa sem blóðgast höfðu sumarið á undan og áfram var samstarf með Þór/KA kvennamegin. Vetrar- og vormótin gáfu góðar mínútur í leikmannahópinn og mættu liðin full sjálfstrausts inn í mót. Karlaliðið okkar eflist með hverjum leiksumarsins og fór í gegnum seinni umferð deildarinnar án þess að tapa og uppskáru 2. sæti í 2. deild og þar með sæti í Lengjudeild með frábærum 8-3 sigri á Fjarðabyggð í lokaumferðinni. Þar voru um 150 Völsungar í stúkunni sem fögnuðu ákaft hverju marki og í leikslok. Frábær stemning í liðinu og hópnum öllum sem sannarlega var samstíga í gegnum allt mótið. Hinn 17 ára Jakob Gunnar Sigurðsson átti að öðrum ólöstuðum, algjörlega geggjáð sumar en hann endaði með 25 mörk í 22 leikjum og var markakóngur 2. deildar. Hann var enda kjörinn besti og efnilegasti leikmaður 2. deildar hjá fótbolta.net og á lokahófi Völsungs. Auk þess vann hann auðvitað gullskóinn. Einar Ísfjörð Sigurpálsson var kosinn Völsungur ársins. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson var svo valinn þjálfari ársins í 2. deild ásamt því að títtnefndur Jakob, Arnar Pálmi Kristjánsson, Inigo Albizurri, Juan Guardia og Xabier Cardenas voru allir valdir í lið ársins í 2. deild karla. Ólafur Örn Ásgeirsson markvörður var svo á varamannabeknum í því liði. Frábær árangur hjá okkar strákum sem eru vel gíraðir fyrir Lengjudeild á næsta ári og ætla laglega að gera sig breiða þar.

Kvennaliðið okkar fór af stað með þunnan hóp en það var valin kona í hverri stöðu. Sumarið byrjaði vel og inn mölluðu úrslitin sem skilaði okkur í 2. sæti inn í úrslitakeppni deildarinnar. Við bjuggum til frábært varnarlið sem fékk eingöngu á sig 7 mörk í fyrstu 12 leikjunum og vorum við með eldheita Kristu Eik á toppnum sem kvaddi okkur í ágúst vegna náms erlendis, þá markahæst í deildinni með 15 mörk. Í úrslitakeppninni voru því miður of stór skörð höggvin í hópinn með meiðslum og öðru og við rétt misstum af sæti upp um deild með óhagstæðum úrslitum í blálök móts. Frábærlega barist og spilað innan vallar hjá okkar konum þetta sumarið en lokanaglann náðum við þó ekki að negla í sumarið. Það ætlum við bara að gera næst í staðinn! Á lokahófi var Júlía Margrét Sveinsdóttir kosin besti leikmaður liðsins, Halla Bríet Kristjánsdóttir efnilegust og Rakel Hólmeirsdóttir Völsungur ársins. 2024 var frábært ár til þess að vera Völsungur og við ætlum að gera árið 2025 enn betra.

### Píla

Píluveild Völsungs var stofnuð á árinu. Í byrjun árs, eða, 30. janúar, var ákveðið að auglýsa fund í vallarhúsinu og kanna hvort áhugi væri á því að stofna píluveild á Húsavík. Mætingin var mjög góð og í framhaldinu var deildin stofnuð. Kosin var stjórn sem fékk það hlutverk að finna deildinni aðstöðu og óska eftir því að fá að vera innan raða Völsungs. Í dag heitir deildin því píluveild Völsungs og fengum við aðstöðu í norðurendanum í sundlaugarkjallaranum. Þar var rými sem má segja að hafi verið fohelt. Með stuðningi frá Norðurþingi sem lagði til efniskostnað var hafist handa við að standsetja aðstöðuna. Sjálfboðaliðar lögðu mikið til og standsettu glæsilega aðstöðu sem var opnuð 15. nóvember síðastliðinn. Nú þegar hafa um 70 manns skráð sig í deildina og mæting á kastkvöld er góð. Kastkvöld eru á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 20-22:00 og allir áhugasamir eru velkomnir að kíkja við og skrá sig í félagið. Með félagsgjaldi fylgir einmitt glæsilegur pílubolur deildarinnar. Haldið var kvennakvöld 27. nóvember og mættu 41 kona til að kynna sér aðstöðuna og kasta. Það er því stefnan að bjóða uppá konukast einu sinni í viku eftir áramótin. Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa aðstoðað við að gera þetta að veruleika, stuðningsaðilum deildarinnar sem hafa tekið okkur vel og séð til þess að við getum haft aðstöðu sem er á pari við þær bestu á landinu.



### Íþróttafélagið Þingeyingur

Stjórn félagsins árið 2024 var skipuð á aðalfundi 25. apríl í Lundi. Brynjar Þór Vigfússon Formaður, Matthildur Dögg Jónsdóttir gjaldkeri, Svala Rut Stefánsdóttir ritari, Ómar Gunnarsson og Guðrún Lilja Curtis meðstjórnendur, varamenn Jóhannes Guðmundsson og Jónas Þór Viðarsson. Stjórn fundaði nokkuð um málefni félagsins á fjar- og staðfundum yfir árið.

Í byrjun árs hóf félagið notkun á nýrri aðstöðu í litla salnum í Lundi sem hafði verið innréttuð með tækjum og tólum sem keypt höfðu verið með styrk frá ungmennafélaginu Leif heppna og innréttuð með stuðningi frá Norðurþingi. Félagið stóð fyrir, í samstarfi við Smiðjuna á Húsavík, grunnnámskeiði í crossfit. Prettán einstaklingar sóttu námskeiðið sem stóðst vel í alla staði. Í framhaldinu var komið á skipulögðum æfingum sem voru vel sóttar af þátttakendum. Félagið opnaði fyrir sölu á aðgangi fyrir notendur í litla sal hefur nýting verið góð í fjölbreyttri líkamsrækt. Notendur í litla sal voru skráðir 21. Í sveitahreysti voru 13 iðkendur og í brennslu og styrk kvenna voru 10. Um vorið bauð félagið upp á tíma í badminton og voru skráðir 9 iðkendur. Einnig var boðið uppá íþróttatíma á Kópaskeri á laugar-



dögum fyrir ungmenni á aldrinum 2-16 ára í 2 hópum og voru skráðir iðkendur 34 og mæting almennt góð.

Yfir sumarið var haldið áfram með æfingar fyrir þennan aldursból í Lundi og Kópaskeri. Voru þær ágætlega sóttar. Í enda október byrjaði félagið með æfingar á skólatíma fyrir nemendur í Öxarfjarðarskóla. Voru æfingar í krakkahreysti og fótbolta. Nemendum var skipt upp eftir 1-4 og 5-10 bekk og nýttu 26 nemendur æfingarnar. Var gerður samstarfsamningur við Norðurþing varðandi það verkefni og styður Norðurþing við stóran hluta launakostnaðar ásamt við kaup á ýmsum búnaði fyrir verkefnið. Við verkefnið eru 4 þjálfarar og stendur það öllum nemendum Öxarfjarðarskóla til boða. Verður verkefnið þróað áfram og á það vonandi eftir að vera eitt af stóru verkefnum félagsins í framtíðinni.

Í samstarfi við Jóhönnu Sigurðardóttir zumbakenna hafa verið haldnir zumba tímar þar sem um 14 iðkendur hafa verið. Ýmsar stakar æfingar og viðburðir hafa verið haldnir líkt og fjölskyldudagar, æfing með Mola frá KSÍ, 17. júní og Ásbyrgismótið sem haldið er með nágrannafélögum okkar. Hafa allir tekist vel og verið vel tekið í.

Félagið hefur fjárfest þónokkuð í tækjum og tólum til íþróttastarfsins. Keypt hefur verið fyrir allar deildir og greinar félagsins, allt frá boltum, keilum og stöngum í lóð og líkamsræktartæki. Félagið ákvað á aðalfundi sínum merki og aðallit félagsins.



Var í framhaldi farið í viðræður við söluaðila á fatnaði og var ákveðið að félagið myndi nota fatnað frá JAKO og var gengið í að panta fatnað og hefur því verið almennt tekið vel. Er ánægjulegt að sjá hvernig ímynd félagsins fær á sig mynd útávið og félagsmenn verða sýnilegir.

Þrír félagsmenn sóttu 1 stig í þjálfaranámi ÍSÍ og hefur það nýst vel í starfi félagsins og á eftir að nýtast vel. Einn félagsmaður sótti 1 stig í crossfit þjálfaranámi og nýttist það vel í líkamsræktarstarfi félagsins. Verður að vona að fleiri félagar taki af skarið og sækir sér þjálfaramenntun þar sem félagið mun alltaf þurfa á þjálfurum að halda í starfi félagsins. Félagið byrjaði að nota Abler kerfið í sínu starfi á árinu og hefur það gengið vel og tekið vel af iðkendum. Er von um að það eigi eftir að nýtast félaginu í framtíðinni vel.

Brynjar Þór Vigfússon, formaður

## Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótin voru skráðir félagar í Mývetning 221. Í stjórn félagsins sátu Anton Freyr Birgisson (formaður), Jóhanna Jóhannesdóttir (gjaldkeri), Sandra Haraldsdóttir (ritari), Hallgrímur Páll Leifsson (meðstjórnandi), Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir (meðstjórnandi), Ingibjörg Hólmgeirsdóttir (varamaður) og Jón Friðriksson (varamaður). Haldnir voru 29 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn 5. mars 2024 á Sel-hótel Mývatni.



Skíðaveturinn hófst 2. janúar með viðgerðardegi og fyrstu opnun á lyftunni. Formlegar æfingar hófust svo laugardaginn 6. janúar. Segja má að janúar hafi verið okkur óvenju hagstæður í veðri þar sem við þyrftum bara að aflýsa einni æfingu. Í febrúar gengu æfingar vel, færið var gott þó þyrft hafi að aflýsa stöku æfingum vegna veðurs. Um miðjan mánuðinn fórum við í stutta æfinga- og fjölskylduferð austur á land. Gist var á Tehúsinu á Egilsstöðum og skíðað í Stafdal. Gríðarlega vel heppnuð ferð og alltaf gaman að fara saman eitthvað hópurrinn.

Fyrstu helgina í mars fóru svo 8 keppendur af eldri hópnum okkar á Jónsmót á Dalvík. Þau stóðu sig með stakri þryði, nældu í nokkur verðlaun og voru félaginu til sóma. Æfingar í mars gengu vel framan af en veðrið lék okkur grátt í kringum páska, þó bætti vel í snjóinn og ljóst var að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af snjómagni út tímabilið. Á laugardegi fyrir páska fórum við til Akureyrar á páskaeggjámót. Það var mikil snjókoma, gekk hægt og því miður tókst ekki að klára mótið sökum aðstæðna. Engu að síður var það skemmtilegt og hef ég trú á að við reynum aftur í ár. Apríl var okkur erfiður mánuður. Þrátt fyrir ágætis veður lentum við í þeim hremmingum að troðarinn bilaði 10. apríl. Fljótlega varð ljóst að ekki tækist að laga hann þennan skíðaveturinn og voru góð ráð dýr. Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að fá lánaðan eða leigðan troðara. Það gekk ekki vel en við redduðum okkur með troðara frá Gilla og Röggju en á honum virkaði reyndar ekki myllan sem "treður" brekkuna, en það var hægt að bakka og slétta með tönninni til að redda sér. Andrésar andarleikarnir fóru svo fram með pompi og prakt dagana 24. – 27. apríl. Mývetningur mætti með 25 iðkendur og óhætt er að segja að þau hafi staðið sig eins og hetjur öll sem eitt. Við náðum meira að segja í nokkur verðlaun. Þann 7. maí héldum við svo Guffaleikana þar sem við kepptum í svigi, bæði börn og foreldrar, grilluðum pylsur og nutum samverunnar. Við náðum 52







skíðadögum þennan veturinn og hlökkum til næsta vetrar. Þjálfarar voru þau Hallgrímur Páll Leifsson yfirþjálfari, Þórhalla Bergey Jónsdóttir og Skarphéðinn Reynir Jónsson.

Á vorönn voru áfram fótboltaæfingar fyrir eldri og yngri í umsjón Francesco Battistella og naut hann aðstoðar frá Theodóri Guðna. Um sumarið tóku Jóhanna Jóhannesdóttir og Hannes Lárus Hjálmarsson við þjálfuninni og voru með 2 æfingar í viku fyrir allan aldur saman. Um miðjan júní kom Moli frá KSÍ í heimsókn til okkar með skemmtilega kynningu á Íþróttagreininni. Í ágúst tók svo 6. flokkur þátt á Króksmótinu á Sauðárkróki í 5 manna bolta. Þar stóðu krakkarnir sig einstaklega vel, lang flest á sínu fyrsta móti og höfðu öll gaman af. Gisti hópurinn saman á tjaldstæðinu ásamt foreldrum og áttu saman góða helgi. Stefnan er sett á Króksmót að ári. Um haustið tóku við inniæfingar undir stjórn Jóhönnu þar sem hópnum var aftur skipt í yngri og eldri.

Eldri hópur í frjálsum var fyrir krakka 10-16 ára, flottur hópur sem stundaði æfingar 1-2x í viku yfir vetrartímann og síðan bættist við aukaæfing á Laugavelli yfir sumarmisserið. Krakkarnir mættu vel á æfingar og sýndu áhuga og metnað og á mótum voru miklar bætingar gegnum árið. Mývetningur átti keppendur á 4 mótun þetta árið. Í apríl á Akureyrarmóti UFA og Kjarnafæði Norðlenska, í júlí á Meistarumóti Íslands 11-14 ára, í ágúst á Unglingalandsmóti UMFÍ og í desember á Minningarmóti Ólivers á Akureyri. Á mótunum stóðu krakkarnir sig vel og voru félaginu til sóma, gerðu sitt besta, hvöttu hvort annað áfram, sýndu miklar bætingar og fengu nokkur verðlaun. Aðalbjörg Birgisdóttir þjálfaði. Frjálsar yngri hafa gengið vel og hefur Sandra Haraldsdóttir verið að þjálfra þá tíma einu sinni í viku. Tímarnir hafa verið vel sóttir og hefur verið gaman að sjá framfarir hjá börnunum. Hlökkum til að gera eitthvað ennþá skemmtilegra með þeim næstu mánuði. Og aldrei að vita nema verði farin á einhver mót í sumar eins og hefur verið gert síðustu sumur.

Á haustönn var danskensla Mývetnings tvisvar í viku. Á mánudögum var kennsla hjá yngri nemendum, þar sem lögð var áhersla á grunnþætti til að byggja upp styrk, jafnvægi og hreyfigetu. Einnig var þeim kennt að nýta sköpunargáfu og samvinnu. Nemendur lærðu að nýta taktinn í tónlistinni og hreyfa sig í takt við hann. Á miðvikudögum var dans í boði fyrir eldri nemendur, og þar var meiri áhersla lögð á flóknari hreyfingar og samspil dansins við tónlist. Nemendur fengu tækifæri til að þróa eigin stíl og sjálfstraust á dansgólfinu. Báðir hópar fengu að kynna helstu dansstílum eins og hipp-hopp, ballett, jazz og zumba. Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir þjálfaði.

Um haustið fengum við Söndru Haralds til að flytja Mývó þrek námskeiðið sitt fyrir fullorðna til félagsins. Tímarnir voru sex sinnum í viku, morguntímar og seinniparts tímar á

mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Tímarnir einkennast af þoli, styrk og almennri gleði og hafa þeir verið vel sóttir og gengið mjög vel. Marta Sif Baldvinsdóttir hefur verið Söndru innan handar og leyst hana af í þjálfun.

Blakkonur héldu áfram að æfa tvisvar í viku og keppa á nokkrum hraðmótum áður en þær héldu suður á Öldungamótið. Þær voru að mestu þjálfaralausar þessa vorönn og eftir Öldungamótið í maí sem endaði með falli úr deild, lögðu þær hart að stjórn Mývetnings að fá blakþjálfara til félagsins um haustið. Það bar árangur og ákveðið var að leggja mikið þúður í blakið, bæði krakkablak og fullorðins-blak, þennan veturinn í samstarfi við Eflingu. Í september kom til okkar blakþjálfari frá Slóveníu, Vladimir Hauriska. Boðið var upp á krakkablak fyrir yngri tvisvar í viku og fyrir eldri tvisvar í viku. Nokkrar blakkonur tóku að sér aðstoðarþjálfun á þessum æfingum. Í yngri hópnum voru 10 iðkendur og í þeim eldri voru 17 iðkendur. Kapp var lagt í að fá karla til koma að æfa en því miður skilaði það ekki árangri en konurnar héldu áfram að æfa stíft, voru duglegar að taka aukaæfingar og að taka þátt á hraðmótum. Þær stefna að venju á þátttöku í byrjun maí 2025 á Öldungamótinu með tvö lið.

Á vorönn var einnig boðið upp á Skólahreysti fyrir yngri og eldri sem Theodór Guðni þjálfaði. Þar var lögð áhersla á hreysti, þrek, styrk og þol. Áfram voru í boði krakkatímar á laugardögum sem voru vel sóttir af yngri iðkendum félagsins og foreldrum. Um sumarið kom svo Katharina Jóhannsdóttir aftur til okkar og var með fimleikaæfingar fyrir yngri og eldri ásamt því að vinna að öðrum störfum fyrir félagið. Vetrarhátíð við Mývatn fór fram 28. febrúar til 9. mars þar sem Mývetningur tók meðal annars þátt með opnum tímum, hélt úti gönguskíðaspori og var með opnun á skíðasvæðinu sínu. Stærsti viðburðurinn var svo snjókrossmótið sem haldið var í Kröflu þar sem skíðadeildin var með veitingasölu í skálanum. Fyrir páska var komið að okkar árlega páskaþingó eða páskaeggþingó þar sem gómsæt páskaegg voru í vinningi.

Í apríl keyptu foreldrar keppnisgalla fyrir skíðaiðkendur af Henson með góðum styrk frá Vogafjösi. Jafnframt var lagt í stóra pöntun af Mývetningsgöllum frá Jakosport. Í framhaldinu fórum við í samstarf við Jakosport og erum við búin að opna vefverslun hjá þeim þar sem hægt er að kaupa ýmsar íþróttavörur merktar okkur. Í maí fór Mývatnsmaraþonið fram venju samkvæmt þar sem félagsmenn okkar sinntu sjálfböðavinnu við alls konar störf, þar á meðal að manna drykkjastöðvar. Í ágúst vorum við með smá uppskeruhátíð eða skemmtidag á íþróttavellinum okkar. Þar fórum við nokkra leiki, langstökk, spjótkest og grindahlaup meðal annars. Við enduðum svo á því að grilla pylsur.

Í desember vorum við með okkar árlega jólabingó en þetta árið voru við með spilapema. Það heppnaðist mjög vel og stefnum við á að halda áfram því þema næstu ár. Einnig var boðið upp á smá sprell fyrir fullorðna í jólatarzan í framhaldi af jólatarzan skólans. Það var fámennnt en góðmennt og hvetjum við fleiri til að koma á næsta ári. Við héldum áfram með verkefnið okkar Fjallahringur Mývetnings þar sem einstaklingum og fyrirtækjum gefst kostur á að hjálpa okkur að byggja upp æskulýðsstarf til framtíðar. Sjó fyrirtæki og 2 einstaklingar hafa tekið þátt í Fjallahringnum þetta árið og

þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn sem skiptir okkur miklu máli í okkar uppbyggingu. Stjórn félagsins þakkar öllum sem komu að starfi félagsins á árinu 2024 og horfir björtum augum til ársins 2025.

Stjórn Mývetnings

## Skákfélagið Goðinn

Starfsárið 2024 var í meginatriðum svipað og undanfarin ár. Starfið hófst á okkar árlega meistaramóti, Skákþingi Goðans 2024, sem teflt var í janúar og febrúar. Þréttán skákmenn tóku þátt, sex í Húsavíkurríðli og sjö í Vesturriðli og tefldu allir við alla í hvorum riðli fyrir sig. Síðan tefldu efstu menn hvors riðils til úrslita um titilinn. Rúnar Ísleifsson og Smári Sigurðsson tefldu til úrslita og hafði Smári Sigurðsson betur eftir bráðabana, en jafnt var eftir kappskákhlutann. Smári var þar með skákmeistari Goðans í fimmta sinn.

Aðalfundur Goðans árið 2024 fór fram þann 20. febrúar. Góð mæting var á fundinn. Sitjandi stjórn var endurkjörin til eins árs en hana skipa, Hermann Aðalsteinsson formaður, Rúnar Ísleifsson gjaldkeri og Sigurbjörn Ásmundsson ritari. Mikið var rætt um komandi 20 ára afmælisár Goðans árið 2025 og ákveðið var að skipa sérstaka afmælisnefnd sem Ingi Hafliði Guðjónsson tók að sér að leiða. Auk hans sitja í henni Hermann Aðalsteinsson og Hilmar Freyr Birgisson.

Íslandsmóti skák-félaga 2023-24 lauk í mars og hélt A-lið Goðans sæti sínu í 3. deild og var ekki langt frá því að vinna sig upp um deild. B og C-liðið stóð sig vel í 4. deildinni og enduðu bæði um miðja deild þrátt fyrir mönnunarvandamál. Áskell Örn Kárason Eflingu, vann sigur annað árið í röð á héraðsmóti HSP sem fram fór í Ýdölum. Alls tóku 13 keppendur þátt í mótinu. Kristján Ingi Smárason vann sinn fyrsta titil í fullorðins flokki þegar hann varð Páskaskákmeistari Goðans í mars. Kristján vann allar sínar skákir. Fimm skákmenn frá Goðanum, auk þriggja Skagfirðinga, fóru í "víking" til Dublin á Írlandi á opið alþjóðlegt skákmót sem haldið var um páskana. Mótið var 7 umferðir og skemmtilegt, enda gaman að tefla í Dublin. Rúmlega 100 keppendur tóku þátt í mótinu og flestir frá Írlandi. Adam Ferenc Gulyas náði bestum árangri Goðamanna á mótinu, með 4 vinninga af 7, á sínu fyrsta móti erlendis. Auk Adams tóku Hermann Aðalsteinsson, Smári Sigurðsson, Lárus Sólberg Guðjónsson og Kristján Ingi Smárason þátt í mótinu. Það er alveg öruggt að efnt verður til hópferðar Goðamanna aftur. Goðinn hélt skákþing Norðlendinga að Skógum í Fnjóskadal 19-21 apríl. Nítján keppendur tóku þátt og varð Símon Þórhallsson SA skákmeistari Norðlendinga 2024, en Adam Omarsson TR varð efstur á mótinu. Símon vann einnig Hraðskákmót Norðlendinga 2024 sem fram fór í kjölfarið á sama stað. Í vor varð mæting á opnar skákæfingar sem haldnar voru á veitingastaðnum Hlöðufelli mjög góð og met þátttaka var á æfingu sem haldin var í lok apríl þegar 20 skákmenn mættu til leiks. Ákveðið var að halda æfingum áfram inn í maí mánuð og 13 keppendur mættur á næstu æfingu. Síðasta skákæfingin fór fram í maílok. Efnt var til sérstakst sumar-



skákmóts sem fram fór á 100 ára afmælisdegi alþjóða skák-sambandsins FIDE 20. júlí. Átta keppendur mættu til leiks og vann Tómas Veigar Sigurðarson öruggan sigur á mótinu.

Skák starfið hófst aftur 27. ágúst eftir sumarfrí og haldnar voru nokkrar skákæfingar fram að Íslandsmóti Skákfélaga 2024-25. Goðinn mættir með 3 lið eins og undanfarin ár og er A-sveitin í ágætum málum í 3. deild fyrir seinni hlutann í mars 2025. B og C sveitirnar er um miðja 4. deild. Rúnar Ísleifsson vann sigur á Atskákmóti Goðans sem fram fór 17. nóvember. Smári Sigurðsson varð hraðskákmeistari Goðans í níunda skiptið 18. desember. Jakob Sævar Sigurðsson vann Jólámót Goðans sem fram fór 28. desember. Það mót markaði lok skákstarfsins 2024.

Nú liggur það fyrir að haldið verður sérstakt afmælistót Goðans í Skjólbrekku í Mývatnssveit 13-16 mars 2025. Vel tókst til með að finna styrktaraðila fyrir mótið og á Ingi Hafliði Guðjónsson mestan heiðurinn af því. Stefnt er að því að mótið verði hið glæsilegasta og er keppendalistinn farinn að verða ansi álitlegur. Líklegt er að árið 2025 verði gott hjá félaginu og stendur þar afmælistótið 13-15 mars upp úr og vonandi mun allt ganga vel með það.

Hermann Aðalsteinsson, formaður

## Skotfélag Húsavíkur

Árið 2024 hófst með miklum undirbúningi fyrir Norðurlandameistaramót í Bench Rest. Var mikið brasað og unnið, bæði fyrir mótið sjálft og fyrir skotiþróttasæðið í heild. Farið var í að helluleggja utan við félagsaðstöðuna

sem gerði mikla lukka með bættu aðgengi og minni mól innandyra. Smíðað og hannað svokallað bakkerkerfi sem að er nauðsynlegur hlutur fyrir Bench Rest íþróttina Var lagt mikill metnaður í hönnun og smíði þessa búnaðar sem að nýttist félaginu um ókominn ár. Haldin voru 2 mót í haglagreynum Miðnæturmót og Skemmtimót með óhefðbundnu hætti og Skemmtimótið tókst með frábærum hætti og voru allir keppendur í skjúnunum með það. Haldin voru 3 ri ilmót 400m mót, æfingarmót í Bench Rest til að prufa allan búnað og verkferla fyrir komandi Norðurlandameistaramót og svo var það mót svo haldið með góðum árangri. Norðurlandameistaramótið er var myndað í bak og fyrir og tekin viðtöl við innlenda sem erlenda keppendur og er það







aðgengilegt á Youtube. Opnanir á svæðinu Töluvert var lagt upp úr að hafa svæðið reglulega opið á árinu en mæting í þær opnanir var með endemum léleg. Notkun og kynning á svæðinu í formi steggjana, starfsmannaferða og annara hópastarfa er í mikilli sókn og er mikið spurt um svoleiðis. Og vegna aukina aðsóknna í hópastarf og verklega þjálfun vegna skotvopnaleyfa var tekinn ákvörðun um að Skotfélag Húsavíkur eignaðist 2 stk af 22cal ri lum sem munu einnig nýtast í nýliðastarfi. Með stolti skilar Stjórn Skotfélags Húsavíkur af sér skotárinu 2024 og hvetur félagsfólk til að vera virkt og nýta þessa frábæru aðstöðu sem félagið hefur upp á að bjóða.

Hallur Þór Hallgrímsson, formaður

## Skotíþróttafélag Norðurlands

Stjórn félagsins fundaði símleiðis um þau málefni sem þurfti að afgreiða en það var aðallega vegna skráningar á mót innanlands og á Íslandsmót á vegum STÍ. Þá voru tveir keppendur þau Rosa Maria Millan Roldan og Kristján R. Arnarson skráð á heimsmeistaramót í 22 kalibera benchrest í hunter class sem fór fram í Valencia á Spáni. Því miður urðu keppendurnir að draga sig úr landsliðinu vegna utan- aðkomandi aðstæðna sem ekki var hægt að leysa úr.



Fyrirhugað var að afskrá félagið á aðalfundi 2024 en vegna aðstæðna var þeirri ákvörðun frestað um sinn. Í samráði við framkvæmdastjóra HSP var ákveðið að fresta aðalfundi Skotíþróttafélags Norðurlands fram á haustið og halda þannig starfseminni gangandi og skrá keppendur á mót. Aðalfundur félagsins fór síðan fram í desember samkvæmt dagskrá.

Tveir keppendur félagsins tóku þátt á skotmótum og þar á meðal á tveimur Íslandsmeistaramótum, með frábærum árangri. Fimmtán sinnum á verðlaunapalli í sumar og þar af 5 sinnum á Íslandsmeistaramóti og einn Íslandsmeistaratitill. Tveir keppendur Rosa Maria Millan Roldan og Kristján Arnarson eru skráð á heimsmeistaramót sem fer fram í Finnlandi í ágúst 2025 og keppt þar í þrem greinum, bæði sem einstaklingar og liðakeppni. Keppendurnir tveir eru bæði með lágmarksárangur sem krafist er, en einungis 4 aðilar á landinu uppfylla skilyrði að einhverju marki þar um. Það kemur svo í ljós síðar í vor hvernig liðin verða skipuð og nánari ferðaplön gerð. Keppendur SÍN hafa ávallt sýnt og sannað að þeim er ekkert ómögulegt með ástundun og æfingum gegnum árin.

Kristján Arnarson, formaður

## Ungmennafélagið Austri

Starfsemi hjá UMF Austri var svipað og undanfarin ár. Aðalfundur var haldinn á Hótel Norðurljósum 21. apríl og var stjórnin endurkjörin. Ekki var um hefðbundnar æfingar að ræða en ferðastyrkur greiddur til þeirra sem sóttu æfingar annað. Einnig styrkti UMF Austri leiklistarnámskeið fyrir nemendur grunnskólans í samvinnu við foreldrafélagið Velvakanda.



Keyptir voru loftboltar sem vígðir voru á 17. júní við mikinn fögnuð yngri kynslóðarinnar. Einnig styrktum við tækjakaup í líkamsræktarstöðina í íþróttahúsinu. Stefnt var að því að halda gönguskíðanámskeið en af ýmsum ástæðum varð ekki af því, en verður vonandi haldið fyrir en síðar. UMF Austri sá um hátíðarhöld á 17. júní að venju. Boðið var upp á grillaða hamburgara, drykki, candy floss og blöðrur í samvinnu við Norðurþing. Einnig voru fyrrnefndir loftboltar vel notaðir.



Áhugasamir hittast öðru hverju og spila blak og eldri borgarar eru duglegir að hittast og hreyfa sig. Moli kom og stjórnaði æfingu á pönnuvellinum af sinni alkunnu snilld. UMF Austri átti fulltrúa á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Björn Grétar Ríkhartsson keppti í blaki, bogfimi, badminton og borðtennis. Einnig fór hann á Íslandsmót í blaki 14 ára og yngri með Völsungi sem haldið var í Neskaupstað í maí, þar sem þeir sigruðu alla sína leiki. Von okkar er að hægt verði að ráða þjálfara sem gæti sinnt þjálfun/íþróttastarfi á svæðinu og tengt saman iðkendur þannig að börn og ungmennti á svæðinu eigi þess kost að stunda íþróttir með jafnöldrum sínum.

Í stjórn UMF Austri eru:

Birna Björnsdóttir formaður

Olga Friðriksdóttir gjaldkeri

Margrét Sigríður Höskuldsdóttir ritari

Gunnar Páll Baldursson

Karítas Ríkhartsdóttir

## Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 27. mars 2024. Stjórn Bjarma skipa nú Úlla Árdal formaður, Sigríður Árdal ritari og Karl Magnússon gjaldkeri. Við fækkuðum nefndum í Bjarma og sameinuðum hlutverk þeirra undir þrjár nefndir. Formenn nefnda frá júní 2024 til júní 2025 eru: Framkvæmdanefnd: Karl Magnússon, Íþróttanefnd: Úlla Árdal og Fjáröflunar- og skemmtinefnd: Sigríður Árdal. Að venju var starf nefnda gott á árinu. Bjarmi hélt fjölskyldudag í Vaglakógi á Vetrarhátíð við Mývatn 2024, þar gat fólk farið á gönguskíði, í ratleik og fleira. Einnig

seldi Bjarmi vöflur til að safna fyrir skíðagönguspora í skóginn. Bjarmi hélt hefðbundið vinnukvöld á Bjarmavellinum í byrjun sumars þar sem svæðið var hreinsað eftir veturinn.



Ekki var boðið uppá neinar æfingar yfir skólaárið á vegum Bjarma og helgast það aðallega af góðu framboði æfinga á Akureyri en meira en helmingur nemenda grunnskóladeildar Stórutjarnaskóla stunda æfingar þar. Þar má nefna dansæfingar, fótbolta, körfubolta, handbolta frjálssar, íshokki og tækvondó. Í sumar var leikjanámskeið tvisvar í viku á Bjarmavelli og sáu Svavar Ingvarsson og Malín Agla Kristjánsdóttir um námskeiðið. Námskeiðið var mjög vel sótt og mikil ánægja með það. Þá stofnaði Bjarmi hlaupahóp sem hittist á meðan leikjanámskeiðið var, sérstaklega hugsað fyrir foreldra sem vildu nýta tímann í hlaup eða skokk á meðan börnin voru á leikjanámskeiði. Þá hittust einnig ungmenni og spiluðu fótbolta á fimmtudags- og sunnudagskvöldum. Ættarmót og afmæli voru haldin á vellinum og héldum við hefðbundna Bjarmahátíð í ágúst sem tókst með ágætum og var mæting góð. Bjarmi stóð fyrir göngu á Háshnjúk í kringum sólstöður og var fínasta mæting. Að venju var Björgunarsveitin Þingey með Fjögurra-skógahlaup með aðstöðu á vellinum. Hlaupið gekk vel í góðu veðri og var mæting góð. Bjarmaball var haldið á Illugastöðum í nóvember og var mæting mjög góð. Stjórnin fundaði nokkrum sinnum bæði formlega og óformlega. Öll stjórnin mætti á Ársþing HSP 2024 sem haldið var á Breiðumýri. Þingið var skemmtilegt og áhugavert.

Lengi hefur Bjarmi safnað fyrir skíðagönguspora í Vaglaklók og má segja að söfnunin hafi farið á fullt nú á haustmánuðum. Bjarmi sótti um fjölda styrkja ásamt því að efna til einstaklingssöfnunar á facebook. Söfnunin gekk vel og í samvinnu við Land og Skóg höfum við nú fest kaup á sexhjól á beltum með tönn og skíðagönguspora. Við reiknum með að græjan komi til okkar í febrúar 2025 og þá verður hægt að spora á meðan snjóalög leyfa. Við erum virkilega ánægð með verkefnið og hversu margir sáu sér fært að styrkja kaupin. Ásamt fjölda fólks sem styrkti verkefnið í gegnum söfnun á facebook fengum við veglega styrki frá Þingeyjar-sveit, Sparisjóði Suður-Þingeyinga, Landsvirkjun, Kvenfélagi Fnjóskdæla og Framsýn. Kærar þakkar allir fyrir framlagið. Að lokum þökkum við Landi og Skóg, Björgunarsveitinni Þingey og HSP fyrir gott samstarf á árinu.

Stjórn Bjarma

## Ungmennafélagið Efling

Aðalfundur félagsins var haldinn á stofndegi félagsins þann 24. apríl en félagið fagnaði 120 ára afmæli á árinu. Mæting á aðalfund var dræm. Í stjórn voru kosin eða sitja áfram: Aðalbjörn Jóhannsson formaður, Hilmar Örn Sævarsson ritari (kosinn til 1 árs en fyrri ritari baðst lausnar), Gunnhildur Hinriksdóttir gjaldkeri, Bergþóra Kristjánsdóttir og Valgerður Jósefsdóttir meðstjórnendur. Var félagið hvatt til þess að halda ýmsa viðburði fyrir sem flesta aldurshópa til þess að



fagna afmælinu. Ljóst er að það varð heldur lítið úr því á árinu og starfið með frekar hefðbundnum hætti. Félagið festi þó kaup á tveimur pannavöllum til þess að setja upp við Ýdali og íþróttavöllinn á Laugum og er það kannski það eina sem félagið gerði í tilefni afmælisins svona sérstaklega fyrir samfélagið. Enginn umhverfisnefnd var starfandi og því enginn ruslatínslundagur haldinn í nafni félagsins, og hefur ekki verið sl. þrjú ár líklega.

Starfið hjá Umf. Eflingu heldur áfram að vaxa og iðkenda-fjöldi þokast upp á við. Íþróttæfingar hafa haldið svipuðu sniði og undanfarin ár og hafa börn og unglingar val um frjálsíþróttir, blak og fótbolta. Á vorönninni var einnig í boði að æfa júdó en því miður hélt það ekki áfram í haust vegna óvissu og anna þjálfara. Sundæfingar voru aftur í boði á haustönn eftir árs pásu. Við höldum áfram að reyna að bjóða upp á æfingar innan skólatíma í Ýdolum en með betra skipulagi á húsinu þar og stundatöflu Þingeyjarskóla væri betri möguleiki á fleiri æfingum þar, sérstaklega fyrir yngstu iðkendurnar. Er það samtal sem félagið verður að taka við skólalastjórnendur. Þjálfarar hjá félaginu eru nokkuð margir og eru flest þeirra nemendur við Framhaldsskólann á Laugum. Það er alveg frábært að félagið hafi aðgang að þessum krökkum, en jafnframt verður nokkur þjálfaravelta fyrir vikið. Á árinu nutum við krafta eftirfarandi nemenda: Egill Atlason Waagfjörð og Emil Vilbergsson sáu um frjálssar/leiki fyrir yngsta stig, Kristján Örn Sigurðsson var með fótboltaæfingar á vorönn og Rúnar Sveinn Olsen Birkisson á haustönn, Emma Ýr Kristjónudóttir og Bella Eir Thorbergsdóttir sáu um blak á vorönn og Sandra Fannarsdóttir og Alexandra Ósk Hermóðsdóttir hafa stýrt sundæfingum í haust. Júdó sáu þeir félagar Bergþóra Pálsson og Arnar Halldórsson um og Gunnhildur Hinriksdóttir hefur verið með frjálsíþróttir. Í haust tókum við höndum saman með Mývetningum og fengum erlendan þjálfara Vladimir Hauriska til þess að sinna blakþjálfun hjá félaginu, honum til aðstoðar á æfingum grunnskólanemenda hafa verið þeir bræður Jón Andri og Hjörvar Þór Hnikarrssynir. Vladimir hefur einnig þjálfað Dalalæðurnar og verið með karlablakið en mæting hjá körlunum hefur verið frekar skrikkjótt og hafa þeir eiginlega ekki enn náð sér á strik eftir covid. Þá prófuðum við að bjóða upp á gömlu dansana 1x í viku á haustönn undir stjórn Önnu Karenar Unnsteins, þátttaka sveitunga hefði mátt vera einhver en það voru eingöngu framhaldsskólanemar sem sóttu dansinn. Yfir sumarið höfum við undanfarin ár boðið upp á frjálsíþróttæfingar fyrir 11 ára og eldri og íþróttir og leiki fyrir 10 ára og yngri. Einnig höfum við reynt að halda úti fótboltaæfingum en mæting á þær æfingar hefur almennt ekki verið nægjanlega góð. Þau Jón Andri Hnikarrsson, Hilmar Þór Sævarsson og Gunnhildur Hinriksdóttir sáu um sumaræfingarnar, Hilmar hefur einnig verið þógnóður og leyst af á æfingum á veturna. Moli frá KSÍ kom í heimsókn dagpart í júní og mættu nokkrir í það. Golfvöllurinn hér á Laugum var sleginn eitthvað en umsjón og umferð með allra minnsta móti.

Við höfum þónokkuð af sprækum íþróttakrökkum innan okkar raða, þau fá kannski heldur fá tækifæri til þess að spreyta sig í keppni utan frjálsíþróttakrakka sem taka reglulega þátt í mótum yfir árið. Þetta væri auðvelt að bæta með meira samstarfi við nágretta okkar en til þess að gera það að veruleika þyrfti félagið að fá foreldra betur inn í starfið.

Jón Andri Hnikarsson sem lék með Völsungi/Eflingu í blaki spilaði með U17 landsliði Íslands á NEVZA móti í blaki þar sem liðið tók silfur sem er besti árangur Íslands á þessu móti en einnig varð liðið bæði Íslands- og bikarmeistari í blaki U20 á árinu. Dalalæður kláruðu Íslandsmót BLÍ tímabilið 2023-24 á því að falla niður í 5. deild og höfðu svo ekki nægjanlega fjölda staðfesta leikmanna til þess að taka þátt að nýju í haust. Þær hafa tekið þátt í einhverjum hraðmótum og héldu jólaskeiðmótum í lok desember. Frjálsíþróttakrakkar tóku þátt í fjölmörgum mótum, Hinrik Freyr Sigurbjörnsson fékk boðsmíða á RIG í febrúar í 800m hlaupi og stóð sig vel, einnig náði hann silfri í fjölþraut 15 ára á MÍ í fjölþrautum innanhúss í febrúar og tók nokkur bronsverðlaun á MÍ 15-22 ára utan-húss í júní. Frjálsíþróttaiðkendir frá Eflingu skelltu sér til Gautaborgar í sumar og kepptu þar við jafnaldra sína frá Svíþjóð og fleiri þjóðum. Ferðin var skemmtileg og gaman væri að geta endurtekið þetta með reglulegu millibili. MÍ 11-14 ára var svo haldið hér á Laugum í júlí, beint eftir heimkomu frá Gautaborg. Þar kom skemmtilega á óvart frábær bæting hjá Vilborgu Jóhannsdóttur þegar hún kastaði spjótinu 31,20m og tók þriðja sætið í 13 ára flokki, Hildur Ósk Gunnarsdóttir nældi sér líka í brons í sinni fyrstu keppni í kringlukasti. Alls átti Efling fulltrúa á 13 frjálsíþróttamótum á árinu, þar af einn öldung. En þó svo að hér séu upptaldir örfáir íþróttamenn sem kræktu í verðlaun á stærri mótum þá mætti samt telja upp alla okkar keppendur því margir voru að stíga sín fyrstu keppnisskref og margar bætingar litu dagsins ljós. Mesta ánægja frjálsíþróttþjálfara barna og unglunga er þó yfirleitt ekki falin í verðlaunum heldur framförum, bætingu, gleði og ánægju. Við höldum eitt lítið mót í atrennulausum stökkum og hástökki á Laugum sem var skemmtileg tilbreyting.

Leikdeildin var með til sýningar verkið í gegnum tíðina eftir Hörð Þór Benónýsson. Þetta er gamanleikrit þar sem sögð er saga íslenskrar bændafjölskyldu, meðlimir hennar lenda í hinum ýmsu aðstæðum og fléttast fjölmörg lög frá árunum 1950-1980 inn í verkið. Við festum okkur nýjan leikstjóra í upphafi vetrar, Hildi Kristínu Thorstensen en hún býr í Hörgárdal. Hún hefur víðtæka reynslu á listasviðinu og alþjóðlega en hún lærði m.a. í Finnlandi, Englandi og Frakklandi. Æfingar hófust í janúar og var æft svo að segja á hverju virku kvöldi fram að frumsýningu sem var þann 1. mars 2024. Í heildina voru leikhúsgestir um 683 talsins á 11 sýningum. Leikarar í sýningunni voru 25 auk hljómsveitar og annar eins fjöldi var með verkefni á bak við tjöldin s.s. leikmynd, förðun, búningar, miðasala, markaðsmál, ljós, sýningarstjórn o.fl. Tónlistarstjórn var í höndum Péturs Ingólfssonar. Kvenfélag Reykdæla sá um að bjóða leikhúsgestum upp á vöflur og hressingu og þökkum við kærlega fyrir þetta einstaka samstarf sem ekki er sjálfgefið. Nemendum framhaldsskólans á



Laugum þökkum við líka fyrir samfylgdina en þau eru dugleg að taka þátt í uppsetningum hjá okkur. Hagnaður leikdeildar vegna sýningarinnar voru rúmar 107 þúsund krónur og viljum við þakka styrktaraðilum og Þingeyjarsveit fyrir stuðninginn. Leiknefnd 2024 skipuðu þau Freydís Anna Arngrímsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Gunnhildur Hinriksdóttir og Krístrún Kristjánsdóttir.

Þorablót var á sínum stað í byrjun febrúar. Mikill fjöldi gesta var á blótinu en nefndina skipuðu þau Kristján Guðmundsson, Sæmundur Þór Sigurðsson, Agnes Gísladóttir, Einir Viðar Björnsson, Roman Michal Wenta, Valdís Lilja Stefánsdóttir og Hrólfr Jón Pétursson. Ágóði af blótinu var rúmar 255 þúsund krónur sem rennur í aðalsjóð.

Haldið var upp á 17. júní í samstarfi við Kvenfélag Mývatnsveitar og Þingeyjarsveit á Laugum. Var það skemmtilegt verkefni og gaman að deila ábyrgð á þessari skemmtun með fleiri aðilum. Fjallkona var Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir, útskriftarnemi Framhaldsskólans á Laugum. Hátíðahöldin í ár voru e.t.v. aðeins veglegri en áður vegna afmælishátíðar lýðveldisins. Aðalstjórn var með sjoppusölu á staðnum og var hagnaður hennar rúmar 106 þúsund krónur. Enn á þó e.t.v. eftir að gera upp við sveitarfélagið þar sem bæði Efling og kvenfélagið vilja gjarnan fá meiri viðurkenningu frá sveitarfélaginu fyrir það að sjá um þessi hátíðahöld í sjálfböðavinnu.

Jólafélagsvist fór að þessu sinni fram í Dalakofanum þar sem Breiðumýri var lokuð vegna viðgerða. Þetta var ágæt tilbreyting og kannski eitthvað sem við komum til með að halda áfram með, hver veit.

Stjórn Umf. Eflingar

## Ungmennafélagið Einingin

Þorablót Einingarinnar var haldið fyrsta laugardagkvöldið í Þorra. Þorra-blótsnefnd sem í eru einstaklingar á vegum félagsins í bland við aðra íbúa dalsins sjá um að skipuleggja viðburðinn og dagskrána. Einingin, kvenfélagið Hildur í Bárðardal og Kiðagil ákváðu síðla árs 2023 að standa saman að samverustundum sem ákveðið var að kalla Opin kvöld í Kiðagili. Þau hófust í febrúar og stóðu fram á vor. Á þessum samverustundum var ýmislegt brallað, s.s. spilað á spil, spilaður borðtennis, dansað og farið í boccia keppni. Einnig var boðið upp á að hittast á undan og fara í göngutúr ef veður leyfði. Nokkur börn og unglingar frá Einingunni æfðu íþróttir í Stórutjarnaskóla sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir yfir vetrartímenn. Einnig sækja nokkrir einstaklingar æfingar til Akureyrar allt árið. Í haust hófust æfingar í Kiðagili þar sem fenginn var þjálfari til að vera með æfingar fyrir unga sem aldna með áherslu á styrktar- og liðleikaæfingar. Þjálfarinn er lærd í margs konar hreyfiþjálfun m.a. að kenna rétta líkamsbeitingu. Þátttaka í æfingunum varð framar okkar björtustu vonum og þurfti að gera tvo hópa. Stefnt er á að halda áfram með æfingar á næsta ári. Einingin í samvinnu við fyrirtæki í Bárðardal var með verkefni fyrir unglunga í tengslum við vinnuskóla Þingeyjarsveitar. Þau sinntu meðal annars störfum eins og að slá og snyrta íþróttavöllinn, klippa og





snyrta runna, aðstoða við að gera upp og laga búnað ofl. Einnig voru farnar tvær ferðir í Halldórsstaðskóg til að klippa greinar og hreinsa til en þar er mikið verk óunnið. Uppbygging á íþrótt- og afþreyingaraðstöðu á íþróttasvæði félagsins mjakast rólega áfram og verður haldið áfram með verkefni, fótboltabilliardið var sett upp á vellinum. Eins er klifurgrind (monkey bar) og upphífangarbúnaður kominn á staðinn en á eftir að setja upp. Fjáröflun félagsins var sala á húfum merktum félaginu. Í stjórn sitja Sigurlína Tryggvadóttir formaður, Jónas Sigurðarson ritari og Erlingur Ingvarsson gjaldkeri.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

## Ungmennafélag Langnesinga

### Þjálfarar og æfingar

Sigurbjörn Veigar sá um íþróttaskóla, fótbolta fyrir yngri og blak, Árni Sigurðsson sá um frjálsar íþróttir og Almar Marinósson og Albert Sigurðsson sáu um fótboltann. Sumarönnin tók svo við. Katrín Rúnarsdóttir og Elva Ragnarsdóttir sáu um boltaæfingu, íþróttæfingu og æfingu í íþróttahúsi, Kristín Svala sá um boltaskólann og íþróttaskólann fyrir yngri og Bergþóra Þórarinsdóttir ásamt Katrínu Rúnars sá um blakið. Kristín Svala og Dagrún Ragnarsdóttir sáu um Leikjanámskeiðið undir handleiðslu Sigurbjörns. Haustönnin tók svo við og vildum við aðeins hrista upp í þessu og fá meiri fjölbreytni í æfingar. Úr var að boðið var upp á íþróttaskóla, frjálsar íþróttir, fótbolta, körfubolta, handbolta, sund og blak. Sigurbjörn sá um leikjaskólann, blakæfingar og sundið, Árni Sig sá um frjálsar og Katrín Rúnars sá um körfubolta, fótbolta og handbolta. Æfingafri var frá 9. ágúst til 9. september. Öllum þjálfurum á árinu vill stjórn félagsins þakka fyrir vel unnin störf.

### Viðburðir á árinu

Þann 2. mars stóðum við fyrir nágrannamóti í blaki og fótbolta og var Einherja, Þingeyingi og Austrá boðið að koma. Virkilega góð þátttaka og þetta fór fram úr okkar björtustu vonum. Ætluð að reyna að festa þetta í sessi árlega. Okkar árlega UMFL hlaup á sumardaginn fyrsta var á sínum stað og var góð mæting. Félagið stóð fyrir fimleikanámskeiði og var það haldið 10.-14. júní. Lilja Katrín Gunnarsdóttir kom og sá um námskeiðið. Það voru 26 iðkendur sem tóku þátt og vorum við með 3 hópa, það var mjög vel heppnað. Ásbyrgismótið var á sínum stað með æfingabúðasniði og var það mjög vel heppnað. Nokkur fótboltamót voru á dagskrá hjá okkar iðkendum og má þar nefna til dæmis Stefnuþót KA, Goðamót, Króksmót, Minningarmót Óðins og Völsungsmótið. Grasróta verkefnið "komdu í fótbolta með Mola" hjá KSÍ kom til okkar í júní líkt og árið áður. Knattspyrnunámskeið hjá Knattspyrnuakademíu Norðurhalds var haldið 28.-29. september og var virkilega vel heppnað og góð þátttaka. Þórolfur Sveinsson hélt námskeiðið.

### Önnur verkefni

Fjáraflanir eru stór liður hjá félaginu og skiptir félagið gríðarlega miklu máli. Aðal fjáraflanir félagsins eru dósasöfnun og sala á wc- og eldhúspappír og rækjum og höldum við ótrauð



áfram með þær. Við hvetjum hér með foreldra jafnt sem iðkendur til að vera enn öflugri í að mæta í fjáraflanir því margar hendur vinna létt verk og þetta skiptir okkur miklu máli. Félagið gerði pöntun á fatnaði fyrir félagsmenn í maí, en félagið verslar föt frá Macron. Einnig erum við með húfur, vettlinga, buff og kraga merkt félaginu ásamt vatnsbrúsum. Æfingagjöld eru innheimt þrisvar á ári eftir annarskiptingum en við skiptum árinu upp í vor-, sumar- og haustönn og eru æfingagjöld greidd fyrir hverja önn. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðan 2016 og hefur tekist mjög vel til. Fullt æfingagjald er greitt fyrir fyrstu tvö börnin og fá systkini eftir það 50% afslátt. Þá er vert að minnast á frístundastyrk sem foreldrar barna í Langanesbyggð geta sótt um. Áfram er starf UMFL tengt skóladagatali grunnskólans. Með þessu fyrirkomulagi er gott fyrir foreldra að vita hvenær er fri frá æfingum.

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. febrúar 2024 og urðu stjórnarskipti þar. Karen Rut Konráðsdóttir og María Valgerður Jónsdóttir gengu úr stjórn og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir og Bergþóra Þórarinsdóttir komu inn. Úlfhildur Ída Helgadóttir ætlar að klára seinna árið hennar Karenar. Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórn með sér eftirfarandi verkum: Formaður: Hulda Kristín Baldursdóttir, Gjaldkeri: Úlfhildur Ída Helgadóttir, Ritari: Hanna Margrét Úlfsdóttir. Að lokum viljum við þakka öllum okkar styrktaraðilum sem styrkja okkur árlega og þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa styrkt okkur í einstaka verkefnum á árinu. Gaman er að nefna að við fengum styrk frá Rannís uppá 350 þúsund sem verður varið í blakbúnað. Sparisjóður Suður-Þingeyinga styrkir okkur um 950 þúsund og fara þær fjárhæðir í að efla búnað fyrir félagið. Við erum í viðræðum við Ísfélagið varðandi endurnýjun á samningi þar sem þeir hafa styrkt okkur um 1.000.000 á ári. Einnig viljum við þakka iðkendum okkar fyrir árið og foreldrum þeirra sem eru ekki síður mikilvægir því ef ekki væru foreldrar þá væru engir iðkendur.

Stjórn UMFL




# Íþróttamenn ársins 2024

## Bardagaíþróttamaður HSP

### Dagný Þóra Gylfadóttir, Völsungi

Dagný lætur ekki bilbug á sér finna og heldur áfram að mæta á BJJ æfingar þrátt fyrir að vera oftar en ekki eina konan á æfingum. Hún hefur jafnframt verið ötull talsmaður íþróttarinnar og hvatt nýja iðkendur til að prófa. Dagný keppti á fyrsta innanfélagsmóti BJJ North, en það var haldið var á aðventunni. Þar keppti hún í opnum flokki blábeltinga ásamt öðrum iðkendum sem flestir slöguðu í 100kg og 200cm. Þrátt fyrir þennan mikla stærðarmun lét Dagný slag standa, mætti, og stóð sig með stökustu þrýði gegn mun stærri andstæðingum.



## Blakmaður HSP

### Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Völsungi

Heiðdís Edda er mikilvægur leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Völsungi. Hún hefur verið fyrirliði meistaraflokks undanfarin ár og verið einn allra besta leikmaður liðsins. Þá átti hún mjög gott tímabil síðasta vetur og hefur haldið þeirri vegferð áfram núna í vetur. Heiðdís er einnig góð fyrirmynd og hefur samhliða því að spila, komið að þjálfun yngri iðkenda undanfarin ár. Heiðdís Edda var fyrirliði meistaraflokks á síðasta tímabili. Hún tók miklum framförum þann vetur og er í dag orðinn einn af bestu leikmönnum Unbroken deildarinnar. Hún var um áramót næst-stigahæsti leikmaður Völsungs í deildinni og sú fimmta stigahæsta í deildinni í heild þegar horft er til íslenskra leikmanna. Heiðdís hefur líka verið mikilvægur hlekkur í U20 liði Völsungs sem hefur barist á toppnum í öllum mótum sem liðið hefur tekið þátt í síðustu árin. Landsliðsferill Heiðdísar er einnig kominn vel af stað. Ásamt því að hafa spilað síðustu ár ýmist með U17 eða U19 (eða jafnvel báðum liðum á sama tíma) hefur hún nú þegar spilað 8 A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Þeim hefði sannarlega fjölgað eitthvað síðasta vor ef Heiðdís hefði ekki þurft að draga sig úr því verkefni landsliðsins þar sem það hitti á lok framhaldsskóla og útskrift. Fram undan í vor eru hins vegar krefjandi verkefni hjá landsliðunum og má fastlega búast við því að krafta Heiðdísar verði óskað á þeim vettvangi.



## Bocciamaður HSP

### Rut Guðnýjardóttir, Völsungi

Rut Guðnýjardóttir kom aftur til liðs við bocciadeild Völsungs í haust s.l eftir nokkra ára pásu. Hefur hún stundað æfingar vel og náði þeim árangri á sína fyrsta íslandsmóti að vinna til gullverðlauna í sinni deild og keppir því í 5.deild í haust. Með jákvæðni og áhuga á hún eftir að ná enn lengra á toppinn og verður gaman að fylgjast með henni á næstu árum.



## Frjálsíþróttamaður HSP

### Marta Melek Annisius, Völsungi


Marta hefur stundað hlaup í þó nokkur ár en ekki farið mikið í keppnisgallann fyrr en nú. Það er óhætt að segja að hún hafi farið á kostum síðsumars. Fyrst tók hún þátt í Jökulsárhlaupinu þar sem hún hljóp vegalengdina sem telur tæpa 33 km á 2:57 klst og hafnaði í 2. sæti. Aðeins 2 vikum síðar var hún mætt í Volcano maraþon (42,2 km) í Mývatnssveit þar sem hún hafnaði einnig í 2. sæti á tímanum 3:46 klst. Það þætti alveg ljómandi góður tími fyrir fyrsta maraþon en þegar haft er í huga að um var að ræða utanvegamararþon sem innihélt meðal annars fjallgöngu og gróft undirlag er ekki annað hægt að segja að árangurinn sé algjörlega frábær. Marta Melek er verðugur langhlaupari ársins árið 2024.



## Knattspyrnumaður HSP

### Halla Bríet Kristjánsdóttir, Völsungi

Halla Bríet Kristjánsdóttir er fótboltakona ársins hjá Völsungi. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Halla leikið 53 deildar og bikarleiki með Völsungi og skorað í þeim 23 mörk. Þetta tímabil í ár var hennar besta hingað til en hún skoraði 13 mörk í 20 leikjum í 2.deild kvenna, en þar af voru 4 mörk í úrslitakeppninni þar sem Völsungur rétt missti af farseðli upp um deild. Halla bætti einnig við einu marki í einum bikarleik. Halla hefur verið að banka á dyrnar hjá yngri landsliðum og einnig farin að vekja áhuga úr efstu deild á Íslandi. Halla er gríðarlega kraftmikill leikmaður með mikinn hraða og auga fyrir því hvar markið er. Halla er alltaf að bæta sig og því verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér hjá Höllu. Lykilmaður í Völsungslíði sem endaði í 3.sæti eftir strangt sumar og skoraði 13 mörk í 20 leikjum.



## Skákmaður HSP

### Ádám F Gulyás, Skákfélagið Goðinn

Ádám Gulyás gekk til liðs við skákfélagið Goðann á haustdögum 2023. Hann hafði nær eingöngu teft á netinu þegar hann kom á fyrstu skákæfinguna hjá félaginu. Fljótlega kom í ljós að hann var mjög efnilegur í skák. Hann tók þátt í nær öllum skákæfingum og mótum hjá félaginu eftir það og varð nokkrum sinnum efstur á skákæfingum. Hann náði bestum árangri allra íslensku skákmannana sem tóku þátt í Dublin Open skákmótinu á Írlandi í mars 2024, þar sem hann náði 4 vinningum af 7 mögulegum. Hann tók þátt í Íslandsmóti skákfélaga og leiddi B-sveit félagsins í 4. deild.

Þó svo að hann hafi ekki náð að vinna neinn titil hjá félaginu árið 2024 var hann hársbreitt frá því að verða atskákmeistari Goðans 2024, en endaði í 2. sæti á oddastigum. Adam varð einnig í 2. Sæti á hraðskákmóti Goðans 2024. Adam endaði svo árið 2024 með þriðja sætinu á jólamóti Goðans 2024. Það er fágætur árangurs hjá nýliða að ná þetta góðum árangri á sínu fyrsta heila ári hjá félaginu og hann er því skákmaður ársins 2024 hjá Goðanum og HSP.



## Skotíþróttamaður HSP

### Gylfi Sigurðsson, Skotfélag Húsavíkur

Gylfi Sigurðsson er skotíþróttamaður HSP 2024. Gylfi tók þátt í þónokkrum mótum á árinu og stóð sig með þryði. Eftirfarandi er árangur Gylfa:

Húsavík: 400m. Grúppur 3. sæti  
Bench rest 100-200 m. 1 sæti  
Norðurlandamót 100-200 m. Lauk ekki keppni.

Akureyri: Bench rest 200 m 4. sæti  
Íslandsmót Bench rest 100 m 3. sæti  
Bench rest 200 m 2. sæti  
Akureyrarmeistarinn 100- 200 m 1. sæti  
Áramót Bench rest 100 m 1. sæti

Egilsstaðir: Íslandsmót Bench rest . Grúppur 100 m 1 sæti



## Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSP

<b>Starfsmerki UMFÍ</b>	<b>Ártal</b>
Birgir Mikaelsson	2023
Jónas Egilsson	2022
María Sigurðardóttir	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Friður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelssdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

### Gullmerki HSP

Freydís Anna Arngrímsdóttir	2024
Hörður Þór Benónýsson	2024
Björn Ingólfsson	2023
Heimir Ásgeirsson	2023
Marínó Eggertsson	2022
Jón Friðrik Benónýsson	2021
Jón Þórir Óskarsson	2021
Kristján I. Jóhannesson	2021
Sölvi Alfreðsson	2021

<b>Heiðursfélagi UMFÍ</b>	<b>Ártal</b>
Kristján Yngvason	2021

### Gullmerki UMFÍ

Gunnhildur Hinriksdóttir	2021
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2021
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelssdóttir	2014

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

### Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

<b>Heiðursorða ÍSÍ</b>	<b>Ártal</b>
Óskar Ágústsson	1970

### Gullmerki ÍSÍ

Hermann Aðalsteinsson	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2021
Jón Fr. Benónýsson	2019
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelssdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án árs
Óskar Ágústsson	1964

### Silfurmerki ÍSÍ

Ragnar Emilsson	2022
Kristján Stefánsson	2019
Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Friðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Anna Sigrún Mikaelssdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

### Silfurmerki HSP

Jónas Egilsson	2023
Gunnólfur Sveinsson	2022
Gylfi Sigurðsson	2022
Valgerður Sæmundsdóttir	2022
Þorsteinn Ægir Egilsson	2022
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Hermann Aðalsteinsson	2021
Elísabet Sigurðardóttir	2021
Stefán Jónasson	2021



## Íþróttamaður HSP

### Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2023	Sigrún Marta Jónsdóttir	Völsungur
2022	Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir	Völsungur
2021	Tamara Kaposi-Peto	Völsungur
2020	Erla Rós Ólafsdóttir	UMFL
2019	Harpa Ásgeirsdóttir	Völsungur
2018	Þórarinn Ragnarsson	Snæfaxi
2017	Eyþór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur
2008	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi

### Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2007	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsson	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eyþór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

# Lög Héraðssambands Þingeyinga

## I. Kafi. Um sambandið

### 1. grein

Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP. Lögheimili þess og varnarþing er þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett hverju sinni. Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakka-hrepps í vestri.

### 2. grein

Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum, stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálavæðingum aðildarfélaganna og vera málsvari félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk HSP er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarféлага og halda utan um staðfest lög féлага og skili yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarféлага í lok hvers árs.
- Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra féлага og deilda.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.

### 3. grein

HSP er stjórnað af:

- Ársþingi HSP
- Stjórn HSP

Reikningsár er almanaksárið.

## II. Kafi. Um Ársþing

### 4. grein

Ársþing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Ársþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir ársþing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir ársþing.

Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á ársþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.

### 5. grein

Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á ársþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lögráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs

til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi féлага 18 ára og eldri Fjöldi þingfulltrúa

0-75	1
76-150	2
151-300	3
301-600	4
601-900	5
901- og yfir	6

Fyrir iðkendur 17 ára og yngri verði til viðbótar fulltrúar sem hér segir:

20-100	1
101-300	2
301 og fleiri	3

Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til ársþings HSP hafa allir lögráða félagsmenn.

### 6. grein

Lögmætt er ársþing ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.

### 7. grein

Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár til tveggja ára. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra.

Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.

### 8. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

### 9. grein

Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi:

- Þingið sett
- Starfsmenn þingsins kosnir
  - Forsetar
  - Ritarar
- Kjörbréfanefnd kosin

4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn reikninga
  - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSÍ
13. Önnur mál
14. Þingslit

#### 10. grein

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun ársþings. Allur boðunar- og tilkynningarrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

### III. Kafli. Um stjórn

#### 11. grein

Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á ársþingi skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.

#### 12. grein

Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

#### 13. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skytt er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.

#### 14. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að skipa í nefndir sem sinna ákveðnum skilgreindum verkefnum innan sambandsins. Stjórn setur reglur um starf nefnda.

#### 15. grein

Heimilt er að kjósa heiðursfélag HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.

### IV. Kafli. Um aðildarfélög

#### 16. grein

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

#### 17. grein

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stofnfundargerð, stjórnskipan og félagatal. Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Inntaka félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ og/eða UMFÍ á lögum viðkomandi félags.

Félag sem skráð hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSP að nýju. Er þá félagið undanskilið kröfu um skýrslu um stofndag og ár en skila þarf fundargerð þar sem aðildarumsókn til HSP er tekin fyrir og samþykkt.

#### 18. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmaet að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

#### 19. grein

Hvert aðildarfélag skal halda aðalfund, leggja fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn sína eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af HSP, ÍSÍ og/eða UMFÍ. Senda skal aðalfundarboð aðildarféлага til skrifstofu HSP. Fundargerðir aðalfunda ásamt ársreikningum félags skal senda stjórn HSP eigi síðar en tveimur vikum eftir að aðalfundur hefur farið fram.

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma ber stjórn HSP, sé þess óskað, að aðstoða við boðun og framkvæmd aðalfundarins. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarféлага/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Stjórnir aðildarféлага/sérráða geta krafist þess að



bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda og skal kostnaður við það greiddur af aðildarfélaginu.

#### 20. grein

Fyrir 1. febrúar skulu aðildarfélög HSP skila skriflegri árskýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP. Þar skal tilgreina aðalstjórn og stjórnir deilda og nefnda ef við á ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið. Aðildarfélög HSP skulu skila starfskýrslum með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar fyrir 15. apríl ár hvert.

Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldtagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár.

#### 21. grein

Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal ársþing HSP víkja félaginu úr sambandinu. Víki ársþing HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

### V. Kafi. Um sérráð

#### 22. grein

Sérráð er samband þeirra féлага og félagsdeilda innan HSP sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð HSP.

Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að sérráð sé skipað.

HSP skal setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sér-sambandi í viðkomandi íþróttagreini. Ársþing staðfestir starfsreglur sérráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur sérráða til bráðabirgða fram að næsta ársþingi.

#### 23. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarféлага eða deilda innan aðildarféлага sem sinna viðkomandi íþróttagreini, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn HSP staðfestir skipan formanna sérráða.

#### 24. grein

Hlutverk sérráða almennt er að annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum innan héraðs. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn þær. Að öðru leiti er vísað til starfsreglna hvers sérráðs.

Sérráð skulu skila ársskýrslum og reikningum til stjórnar HSP fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSP.

### VI. Kafi. Önnur ákvæði

#### 25. grein

Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu ársþingi. Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til

umræðu og atkvæði um hana greidd. Samþykki 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa tillöguna skoðast hún samþykkt og skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukabings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

#### 26. grein

Komi til sambandsslita HSP skulu allar eignir þess renna í einn sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í peningastofnun á sambandssvæðinu. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði HSP.

Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og HSP á sambandssvæðinu skulu eignir HSP renna til þess.

#### 27. grein

Lög þessi öðlast gildi eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

*Breytingar samþykktar á ársþingi HSP haldið á Grenivík þann 26. febrúar 2023.*

## Verkefna- og styrktarsjóður HSP

1. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og var stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi þáverandi innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.
2. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótt- og félagsstarf á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga.
3. Stjórn sjóðsins er skipuð formanni, gjaldkera og ritara HSP. Hlutverk hennar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
4. Tekjur sjóðsins eru:
  - a. Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum samkvæmt reglugerð um skiptingu á lottótekjum sambandsins.
  - b. Frjáls framlög og sófnunarfé.
5. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:
  - a. Verkefni sem styðja afreksíþróttafólk í að sækja sér þjálfun eða taka þátt í mótum sem eru viðbót við reglubundna þjálfun eða keppni.
  - b. Þátttöku þjálfara, starfsfólks og stjórnara í námskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
  - c. Námskeiðahaldi aðildarfélaganna og sérráða fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
  - d. Aksturskostnað vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, í skipulögðum íþróttæfingum á vegum aðildarfélaganna HSP.
  - e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksuppþæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.
6. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir berast fyrir 15. maí vegna fyrri úthlutunar og fyrir 15. nóvember vegna seinni úthlutunar. Heimilt er að veita úr sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkuppþæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.
7. Eingöngu félagsmenn aðildarfélaganna HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum, sérráð og stjórnir aðildarfélaganna HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfa íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélaganna þess.
8. Umsóknum skal skilað til skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur m.a.: Nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; fjármögnun og aðrir sjóðir sem sótt er í; fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um ásamt fylgiskjölum. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.
9. Styrkþegar skulu skila stuttri greinargerð um framgang verkefnisins að því loknu.
10. Sjóðsstjórn forgangsraðar umsóknum og metur hverja til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum. Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.
11. Reglugerð þessi tekur gildi þegar ársþing HSP hefur samþykkt hana.

*Breytingar samþykktar á ársþingi HSP haldið á Grenivík þann 26. febrúar 2023.*

## Lottóreglugerð HSP

Lottótekjurnar skiptast þannig:

- a) 5% til verkefna- og styrktarsjóðs HSP
- b) 20% til HSP
- c) 75% til aðildarfélaganna HSP skv. eftirfarandi skiptingu:
  - 15% eftir mætingu á ársþingi í hlutfalli við heildarfjölda mætttra þingfulltrúa
  - 70% eftir iðkendatali 6-17 ára
  - 15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

Forsendur fyrir úthlutun skv. c)-lið

1. Fulltrúi aðildarfélagss mæti á ársþingi HSP.
2. Félag skili skriflegri skýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP, þar sem starfi félagsins síðastliðið starfsár er lýst.
3. Félag skili starfsskýrslu í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Uppfylli félag ekki þessar forsendur fær félagið ekki úthlutað úr lottó. Hlutur félagsins rennur þá til annarra aðildarfélaganna skv. úthlutunarreglum í c)-lið. Hafi félag staðið undir forsendum 1 og 2 en ekki 3 er stjórn sambandsins heimilt að fresta lottógreiðslum til félagsins þar til félagið hefur staðið skil á starfsskýrslunni. Hafi félagið ekki enn skilað inn starfsskýrslum þann 1. desember skal hlutur þess renna í aðalsjóð HSP.

*Samþykkt á ársþingi HSP í Þórsverri á Þórshöfn þann 20. mars 2021.*